

ÁRSSKÝRSLA 2016



ÁRSSKÝRSLA 2016

EFNISYFIRLIT

ÁVARP REKTORS	4
STJÓRN, RÁÐ OG NEFNDIR SKÓLANS	5
HÁSKÓLASKRIFSTOFA	6
NEMENDUR	8
STARFSFÓLK	9
FJÁRMÁL	10
STARFSEMI DEILDA	12
Hönnunar- og arkitektúrdeild	13
Listkennsludeild	16
Myndlistardeild	18
Sviðslistadeild	22
Tónlistardeild	24
STUNDAKENNARAR, FYRIRLESARAR, GESTIR	26
Hönnunar- og arkitektúrdeild	27
Listkennsludeild	28
Myndlistardeild	29
Sviðslistadeild	30
Tónlistardeild	31
VIÐBURÐIR, SÝNINGAR, SAMSTARF	32
Hönnunar- og arkitektúrdeild	33
Listkennsludeild	37
Myndlistardeild	39
Sviðslistadeild	42
Tónlistardeild	44

ÁVARP REKTORS

Mikil áhersla var lögð á endurskoðun á innri uppbyggingu Listaháskóla Íslands árið 2015, auk hins hefðbunda skólastarfs. Strax í janúar hófst víðtækt samráð við alla þá er hlut áttu að máli vegna nýs ramma um skilgreiningar á störfum akademískra starfsmanna, er að lokum leiddi til þess að nýjar reglur og viðmið tóku gildi við upphaf nýs skólaárs, haustið 2015, með fullri sátt allra sem að málinu komu.

Um leið og nýr rammi um akademísk störf tók gildi var hafist handa við að endurskilgreina hlutverk og starfsþróun allra annarra starfsmanna Listaháskólans er tilheyra stoðsviðum. Kortlagningu á þessum störfum var að mestu lokið á haustönninni, en gert er ráð fyrir að greiningu gagna og frekari úrvinnslu verði lokið á vorönn 2016 með samskonar samráði og haft var við akademíska starfsmenn. Verður þá lokið því umfangsmikla verkefni að endurskilgreina störf og starfsþróun allra starfsmanna Listaháskólans, hvaða hlutverki svo sem þeir gegna.

Haustið 2015 var niðurstaða gæðaráðs íslenskra háskóla vegna sjálfsmatssýrslu Listaháskólans frá árinu 2014 loks kynnt formlega á ráðstefnu sem Rannís efndi til í samráði við skólann. Niðurstaðan var skólanum mikill styrkur enda fékk hann hæstu einkunn sem gefin er í þessari umferð gæðaúttekta. Auk skólans sem heildar hafa nú allar deildir farið í gegnum þá uppbyggilegu greiningu sem felst í gerð sjálfsmatsskýrslna.

Rekstur Listaháskólans hefur verið erfiður undanfarin ár og hafa stjórnendur þurft að beita ítrasta aðhaldi og niðurskurði til að halda sig innan þess fjárhagsramma sem fjárlög gera ráð fyrir. Í ársreikningi skólans kemur fram að þegar rekstrartekjur frá hruni eru teknar saman á verðlagi dagsins í dag blasir við að þær drögust saman um um 20% og eru fyrst nú, árið 2016, að ná fyrri krónutölu. Er þá hvorki horft til fjölgunar nemenda né stofnunar meistaranámsbrauta og þess kostnaðar sem af þeim auknu umsvifum hlýst. Það er því ljóst að tryggja verður skólanum umtalsvert meira fjármagn eigi rekstur hans að verða hallalaus og nauðsynleg þróun í námi og endurnýjun tækjabúnaðar og aðstöðu að eiga sér stað.

Árið 2015 markaði tímamót á sviði rannsókna við Listaháskólann, því þá var í fyrsta sinn farið í gegnum rannsóknarafrakstur allra þeirra akademísku starfsmanna er hafa rannsóknarhlutfall og lagt á það mat samkvæmt þeim mælikvörðum er unnir hafa verið af rannsóknarnefnd skólans og samþykktir af fagráði, framkvæmdaráði og stjórn. Niðurstöðurnar munu verða til umfjöllunar í deildum og í framkvæmdaráði á vorönn 2016, enda mikilvægt innlegg í frekari þróun rannsóknarstefnu deilda og skólans sem heildar.

Samkvæmt fjárlögum er framlag ríkisins til rannsókna við Listaháskólann hlutfall af heildarframlagi vegna nemendaígilda og nemur um 8%. Enginn annar íslenskur háskóli býr við svo lágt framlag, því aðrir skólar hafa samninga um allt frá 18% upp í ríflega 40%. Þar sem rannsóknir eru nú vaxandi þáttur í starfi listaháskólans, auk þess sem unnið hefur verið að gagngerum breytingum á innra umhverfi rannsókna í skólanum til að auka gæði þeirra, er það eindregin krafa að framlag ríkisins til Listaháskólans verði sambærilegt við það sem aðrir skólar njóta. Fræðasvið lista er mjög víðfeðmt og mikið starf óunnið – hvort heldur sem litið er til grunnrannsókna á menningararfi þjóðarinnar eða sértækari rannsókna þar sem sjónum er beint að eiginlegri frumsköpun á sviði lista.

Húsnæðismál Listaháskóla Íslands hafa verið í brennidepli sl. ár líkt og áður. Í ágúst 2015 var lögð inn tillaga í hugmyndagátt Landsbanka Íslands um nýtingu á gamla Landsbankahúsinu fari svo að bankinn flytji höfðustöðvar sínar. Tillagan, sem byggir á því að Listaháskólinn myndi einskonar þorp í miðborginni og að gamlar byggingar verði nýttar í því skyni, hlaut töluverðan hljómgrunn er niðurstöður hugmyndagáttarinnar voru kynntar. Stjórnendur skólans hafa lagt á það mikla áherslu í samræðum sínum við stjórnvöld að ná fram einhverskonar vilyrði um uppbyggingu húsnæðis enda ljóst að því mikla uppbyggingarstarfi bæði í skólastarfinu og í gæðamálum stofnunarinnar verður fyrir en síðar að mæta með bættu húsnæði, betri aðstöðu og tækjakosti.

Nám við Listaháskóla Íslands er jafneftirsótt nú og áður, en að auki hefur áhugi á samstarfi við skólann aukist mjög, bæði innanlands og utan. Sú staðreynd sýnir sterka stöðu skólans við að skapa aukin tækifæri í ört vaxandi geira skapandi greina.

Starfsfólki og stjórn Listaháskólans þakka ég þeirra ríkulega framlag til skólastarfsins og einkar ánægjulegt samstarf.

Fríða Björk Ingvarsdóttir

Fríða Björk Ingvarsdóttir,
rektor Listaháskóla Íslands





STJÓRN – RÁÐ – NEFNDIR

Stjórn

Stjórn Listaháskóla Íslands fer með æðsta ákvörðunarvald innan skólans og yfirumsjón málefna er varða skólann í heild. Stjórn Listaháskólans er skipuð fimm mönnum til þriggja ára í senn, og hefur enginn þeirra framfæri sitt af starfi við skólann eða stundar nám við hann. Mennta- og menningarmálaráðherra tilnefnir tvo menn í stjórnina en þrír eru kjörnir á aðalfundi Félags um Listaháskóla Íslands.

Stjórn fundar á 4-6 vikna fresti yfir skólaárið.

Árið 2015 var stjórn Listaháskólans þannig skipuð:

Kolbrún Halldórsdóttir, leikstjóri, stjórnarformaður

Halla Helgadóttir, grafískur hönnuður

Jóhannes Þórðarson, arkitekt

Jón Ólafur Ólafsson, arkitekt

Markús Þór Andrésson, myndlistarmaður og sýningarstjóri

Framkvæmdaráð

Framkvæmdaráð er samráðsvettvangur helstu stjórnenda skólans, en í framkvæmdaráði sitja rektor, framkvæmdastjóri og deildarforsetar. Framkvæmdaráð undirbýr tillögur að stefnu fyrir skólann í helstu málefnum og er bakhjarl rektors í daglegri stjórn. Framkvæmdaráð kemur að öllu jöfnu saman vikulega yfir skólaárið.

Fagráð

Fagráð hefur verið starfandi við skólann síðan 2009 en það er samráðsvettvangur um akademísk málefni. Fagráðið kemur saman að öllu jöfnu tvisvar á hverri önn og undir það heyra kennslunefnd og rannsóknanevnd. Meðlimir eru ellefu, en deildarforsetar eiga þar nú einn fulltrúa og nemendur tvo. Fagráðið kys sér formann.

Nemendaráð

Í hverri deild er starfandi nemendafélag sem hefur það hlutverk að sinna málum sem varða hagsmuni nemenda. Nemendaráð Listaháskóla Íslands er skipað formönnum nemendafélaganna. Nemendaráð skipar í nefndir og ráð eftir tilnefningum nemendafélaga. Nemendaráð fundar með rektor reglulega yfir skólaárið.

Nefndir

Á árinu voru starfræktar þrjár nefndir, skipaðar starfsfólki og nemendum: gæðanefnd, jafnréttisnefnd og umhverfisnefnd.

Alþjóðlegt samstarf

Listaháskólinn tekur virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi og er aðili að samtökum sem á einn eða annan hátt láta sig varða samstarf og þróun háskólastofnana í listum. Stór hópur nemenda tekur hluta náms síns erlendis og fjölbreyttur hópur nemenda frá ýmsum löndum stundar nám við skólann til lengri eða skemmri tíma. Listaháskólinn býður upp á alþjóðlegt nám á meistarastigi í tónlist, myndlist og hönnun og lögð er áhersla á að búa nemendur undir störf sem listamenn á alþjóðlegum vettvangi. Markvisst er leitað samstarfs við listamenn og fræðafólk erlendis frá og kennarar skólans auka við þekkingu sína og afla sér reynslu með kennslu í samstarfsskólum.

Alþjóðaskrifstofa Listaháskólans veitir upplýsingar og ráðgjöf og hefur umsjón með styrkjum til nemenda, kennara og starfsfólks skólans. Skrifstofan annast tengsl við erlenda samstarfsaðila, leiðir þátttöku í samstarfsverkefnum og veitir erlendum nemendum stuðning. Í samvinnu við deildir skólans er unnið að samþættingu náms, skiptináms og starfsnáms. Áhersla er á að skapa jöfn tækifæri og hvetja nemendur og starfsfólk allt til þátttöku í erlendu samstarfi. Listaháskólinn tryggir gæði náms með gæðakerfi sem er sniðið að þörfum skólans og tryggir að starfsemin sé í samræmi við innri og ytri viðmið. Á starfsárinu 2015 hlaut Listaháskólinn gæðaviðurkenningu Erasmus+ fyrir framkvæmd stúdenta- og starfsmannaskipta en þátttaka skólans í Menntaáætlun Evrópusambandsins er hlutfallslega mest miðað við aðra íslenska háskóla.

Bókasafns- og upplýsingaþjónusta

Bókasafns- og upplýsingaþjónusta Listaháskólans er með starfsemi í þremur byggingum skólans; í Þverholti fyrir hönnunar- og arkitektúrdeild, í Sölvhólgötu fyrir sviðslistadeild og tónlistardeild og í Laugarnesi fyrir myndlistardeild og listkennsludeild en starfsemi safnanna fer fram í nánú samstarfi við deildirnar og er þróuð fyrir ólík námsstig. Bókasafn tónlistardeildar nýtur þeirrar sérstöðu að njóta fjárhagslegs stuðnings úr Styrktarsjóði Halldórs Hansen en stjórn sjóðsins stýrir vali á þeim innkaupum.

Pungamiðja starfseminnar er tvíþætt; annars vegar uppbygging safnkosts með hliðsjón af stefnu deilda og námsbrauta og hins vegar efling upplýsingalæsis meðal nemenda og kennara skólans með kennslu í heimildaöflun, meðferð og skráningu þeirra; hvort sem er á prenti eða í rafrænum aðgangi.

Gæðastjórnun

Fyrstu umferð gæðaúttekta (QEF₁) á vegum Gæðaráðs íslenskra háskóla lauk á árinu, með úttektarskýrslu Gæðaráðsins í janúar og sjálfsmatsskýrslu listkennsludeildar í mars. Í úttektinni var gefin einkunn, annarsvegar hvað varðar akademískt starf og hins vegar námsumhverfi. Listaháskólinn nýtur trausts Gæðaráðsins og hlýtur hæstu einkunn sem háskóli getur fengið við fyrstu úttekt samkvæmt núverandi kerfi. Í úttekt Gæðaráðsins var m.a. bent á mikilvægi þess fyrir íslenskt samfélag hversu fjölbreytt svið listgreina starfsemi Listaháskólans spannar. Skólinn þykir hafa haft víðsýni að leiðarljósi og lagt áherslu á sjálfstæða hugsun og sköpunargáfu í þróun skólastarfsins. Úttektarnefndin benti einnig á mikilvægi þess að Listaháskólinn hafi forgangsraðað í þágu náms og kennslu á tímum niðurskurðar og tekið skýra afstöðu með rannsóknnum og nýsköpun, þrátt fyrir mótbyr.

Gæðaráðið stóð fyrir ráðstefnu um niðurstöður matsins, sem haldin var í húsnæði skólans í september með fulltrúum allra deilda og ráðsins sjálfs.

Náms- og kennsluþjónusta

Náms- og kennsluþjónusta hefur það meginhlutverk að sjá um sameiginleg málefni sem tengjast námi og kennslu. Námsstjóri sér um víðfeðm málefni tengd nemendum og starfi deildarskrifstofa. Kennslustjóri sér hins vegar um þau málefni sem snúa að kennslu og kennsluskrá. Einnig annast náms- og kennsluþjónustan ýmis mál sem tengjast stjórnarsýslu skólans svo sem endurskoðun og útgáfu skólareglna.

Náms- og starfsráðgjafi starfar innan náms- og kennsluþjónustu og hefur það að markmiði að efla vitund einstaklinga um viðhorf sín, áhuga og hæfileika þannig að þeir fái notið sín í námi.

Rannsóknþjónusta

Rannsóknþjónustan hefur það hlutverk að greiða veg rannsókna og nýsköpunar við skólann og styðja þannig við uppbyggingu þekkingar á fræðasviði lista. Helstu verkefni eru að aðstoða við þróun verkefna, veita upplýsingar um styrkjамöguleika og aðstoða við umsóknaskrif, draga fram gæði afraksturs og efla stuðningsumhverfi rannsókna.

Árleg ráðstefna skólans um rannsóknir á fræðasviði lista, Hugarflug, var haldin í fjórða sinn í febrúar. Markmið ráðstefnunnar er að skapa vettvang fyrir faglega og gagnrýna umræðu um þekkingarsköpun með áherslu á listrannsóknir og þann fjölbreytileika sem einkennir nálgun, aðferðir, efnistöð og miðlun á sviðinu. Þá stendur rannsóknþjónustan, í samstarfi við deildir, fyrir röð rannsóknasmiðja fyrir fastráðna starfsmenn, meistaranema og stundakennara, þar sem utanaðkomandi gestum var boðið að fjalla um eigin rannsóknaverkefni.

Sú markverða breyting varð á umsóknarkerfi Rannsóknasjóðs að í fyrsta skipti eru listir formlegur hluti af fagræði hugvísinda, sem tryggja á sanngjarna meðferð umsókna með jafningjamati. Tvær umsóknir í verkefnisstjórn akademískra starfsmanna voru sendar inn með umsóknarfrest í september. Mati og úthlutun styrkja var ekki lokið fyrir árslok. Fyrr á árinu voru sendar inn fjórar umsóknir í innviðasjóð, engin þeirra hlaut styrk.

Innri styrktarsjóðir til rannsókna- og nýsköpunarstarfs eru Starfsþróunarsjóður akademískra starfsmanna og Útgáfusjóður. Um reglur og styrkhafa má sjá á vefsvæði skólans: <http://lhi.is/sjodir-og-styrkir>. Rannsóknaleyfi voru veitt í fyrsta sinn, en nýjar reglur tóku gildi í ágúst. Um reglur og veitingu leyfa má sjá á vefsvæði skólans: <http://lhi.is/rannsoknaleyfi>

Á seinni hluta ársins stóð yfir innleiðing nýs gæðakerfis rannsókna og nýsköpunar. Ferlið fól m.a. í sér formlegt innra mat á afrakstri og var leitt af fulltrúum í rannsóknanevnd fagræðs. Matið nær til afraksturs fastráðinna akademískra starfsmanna með rannsóknahlutfall 2012-2015 og byggir á skráningu þeirra í gagnagrunn skólans. Nefndin lagði einnig fram tillögu að formlegri afstöðu skólans til listrannsókna, sem samykkt var í fagræði. Nánar um matið og skilgreiningar má sjá á vefsvæði skólans: <http://lhi.is/afrakstur-rannsokna-nyskopunar>

Kynningarmál

Nýr forstöðumaður kynningarsviðs tók til starfa í nóvember 2015 og gekk inn í það þarfa verkefni, sem var þá langt komið, að flytja vef skólans yfir í nýtt vefumsjónarkerfi. Því verkefni lauk í lok árs 2015. Helstu verkefni kynningarsviðs árið 2016 eru endurhönnun á vef skólans og ein helsta nýjung vefsins verður sú að þar verður lokaverkefnum nemenda gerð skil. Með nýrri miðlun á verkum nemenda var prentefni skólans endurskoðað og ákveðið var að hætta útgáfu árbóka í tónlistardeild, sviðslistadeild og listkennsludeild.

Önnur verkefni eru þróun á vefriti Listaháskóla Íslands, þátttaka í Háskóladeginum, heimsóknir í framhaldsskóla á stór-höfuðborgarsvæðinu, útgáfuröð Listaháskólans og markaðssetning meistaranáms. Mikilvægt er að vinna kynningaráætlanir með hverri deild til að greina þarfir, sóknartækifæri og ögranir. Sú vinna mun skila markvissri kynningaráætlun fyrir árið 2017.

Mannauðsstjórnun

Listaháskólinn hefur undanfarin þrjú ár unnið að því að betrubæta starfsumhverfi, efla starfsfólk og auka gagnsæi og jafnræði í ákvarðanatöku.

Vinnan hófst á því að endurskoðaður var rammur um akademísk störf og lauk þeirri endurskoðun vorið 2015. Rammurinn hefur frá hausti 2015 verið innleiddur í starfsemi Listaháskólans og ferlar endurnýjaðir og/eða nýjir mótaðir eftir þörfum.

Í upphafi hausts 2015 hófst vinna við endurskoðun á starfsumhverfi starfsfólks á stoðsviðum. Til skoðunar voru margvíslegir þættir en megináherslan var á starfsþróun og þróun leiða til að draga úr álagi. Starfshópur vann framan af við söfnun gagna og úrvinnslu en framkvæmdaráð og starfsfólk stoðsviða hafa á síðari stigum komið til samráðs við vinnuna. Í haust mun í fyrsta sinn verða úthlutað úr Starfsþróunarsjóði starfsfólks á stoðsviðum. Framundan er frekari vinna í mannauðsmálum og má þar helst nefna endurskoðaða mannauðsstefnu. Staða mannauðsstjóra er ný staða hjá LHÍ frá janúar 2015.

Tölvuþjónusta


Endurskipulagning tölvusviðs skólans sem hófst haustið 2014 er ekki lokið. Á árinu var ráðist í bráðsnauðsynlegar og kostnaðarsamar endurbætur á tölvukerfum og tölvubúnaði skólans.

NEMENDUR

Alls voru 462 virkir nemendur við nám í Listaháskólanum í október 2015, 306 konur og 156 karlar.


Nemendur í bakkalárnámi voru 387 og 75 í meistaranámi. Vorið 2015 bárust 479 umsóknir um nám við skólann. Um haustið hófu 185 nýnemar nám og inntökuhlutfallið því 38,6% heilt yfir skólann. Á árinu útskrifuðust 143 nemendur.

Endurkomuhlutfall nemenda var 92% en það er reiknað út frá fjölda nemenda sem hófu nám haustið 2014 og fjölda þeirra sem skilaði sér á annað ár haustið 2015.



Mynd 1.

Kynjahlutföll nemenda eftir deildum (október 2015).



Mynd 2.

Fjöldi nemenda eftir deildum (október 2015).


	Fjöldi	Hlutfall
Yngri en 25 ára	249	54%
26–30 ára	126	27%
31–40 ára	54	12%
41–49 ára	20	4%
Eldri en 50 ára	13	3%

Tafla 1.

Aldursdreifing nemenda (október 2015).


STARFSFÓLK

Í október 2015 voru fastráðnir starfsmenn á launaskrá skólans alls 107 í 86 stöðugildum, 66 konur og 41 karl. Stöðugildi stundakennara á árinu voru 22,1 en þau eru reiknuð út frá klukkustundum. Höfðatala stundakennara var 399 á árinu 2015. Auk þeirra komu fjölmargir gestir, leiðbeinendur lokaverkefna, prófdómarar og fyrirlesarar að verkefnum fyrir skólann.



Mynd 3.

Fjöldi stöðugilda akademískra starfsmanna og stundakennara eftir deildum. Á myndina vantar tvö rannsóknarleyfi. Önnur störf eru umsjón verkstæða, tæknimála og meðleikur (október 2015).



Mynd 4.

Skipting starfsþátta eftir deildum. Rannsóknarleyfi og afleysingar tveggja deildarforseta á haustmíssi eru tekin með á þessari mynd (október 2015).

Heildartekjur Listaháskóla Íslands á almanaksárinu 2015 voru um 1.080 milljónir króna; 833 milljónir var framlag ríkisins, 210 milljónir komu inn vegna skólagjalda og aðrar tekjur voru 37 milljónir.

Rekstrargjöld voru 1.132 milljónir króna; laun voru 758 milljónir, húsnæðiskostnaður 224 milljónir og annar rekstrarkostnaður var 150 milljónir. Afskriftir og fjármagnskostnaður voru 28 milljónir króna og myndaðist því tap frá rekstri upp á tæpar 80 milljónir króna.

Tap ársins má, að stærstum hluta, rekja til launahækkana sem samið var um á almennum vinnumarkaði á árinu. Þær námu 7,7% 1. október 2015 auk afturvirktrar greiðslu frá 1. maí 2015 sem nam 257 þúsund krónum hlutfallslega á hvern starfsmann í 100% starfi, skv kjarasamningum SFR við ríkið, en LHÍ hefur alla tíð fylgt þeim kjarasamningum. Á árinu var einnig tekið í notkun nýtt húsnæði fyrir sviðslistir í Austurstræti, en því fylgdi mikill kostnaður, ekki síst við tækjakaup. Uppsafnaður vandi vegna aðkallandi viðhalds og endurnýjunar tölvukerfa og búnaðar skólans átti einnig stóran þátt í tapinu. Afskriftir reyndust vera um 23 milljónir og fjármagnskostnaður 5 milljónir.

Rekstrarreikningur ársins 2015

Rekstrartekjur

Framlag ríkissjóðs til kennslu og rannsókna	832.582.125
Skólagjöld	209.607.800
Aðrar tekjur	37.249.308
	1.079.439.233

Rekstrargjöld

Laun og launatengd gjöld	(758.176.632)
Húsnæðiskostnaður	(223.662.441)
Annar rekstrarkostnaður	(149.633.950)
Afskriftir	(22.510.514)
	(1.153.983.537)


Rekstrarafkoma

(74.544.304)

Fjármunatekjur	105.626
Fjármagnsgjöld	(5.357.983)
	(79.796.661)

Mynd 5.

Þegar rekstrartekjur skólans frá hrúni á verðlagi dagsins í dag eru skoðaðar kemur í ljós að þær drögust saman um 20% og eru fyrst nú, 2016, að ná fyrri krónutölu - þrátt fyrir fjölgun nemenda og stofnun meistaranáms.



Framlög ríkisins innifela eftirtaldar aukagreiðslur

Ár	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
	3,2	59,0	9,6	0,0	0,1	39,4	0,0	20,7	43,0	0,0


Samkvæmt fjárlögum er nemendafjöldi 378-383 árin 2007-2011 en fer í 439-446 árin 2012-2015.

Fjöldun: Nýtt meistaranám í hönnun og myndlist 2012, listkennsla v/ breytinga á reglum um kennaranám 2012 og meistaranám í tónlist

Mynd 6.

Framlag ríkisins per nemanda hefur ekki náð fyrri krónutölu á verðlagi janúar 2016.

Framlag ríkisins til LHÍ per nemanda 2007-2016 í millj kr. á verðlagi jan. 2016.



Ár	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Framlag ríkis í fjárlögum	905	931	862	774	746	777	795	818	851	910
Nemendafjöldi	378	379	380	382	383	439	438	442	440	446
Framlag per nemanda	2,39	2,46	2,27	2,03	1,95	1,77	1,82	1,85	1,93	2,04

Stöðugildi fastráðinna	86	77	73	72	73	77	84	83	88	89
------------------------	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----

STARESEMI DEILDA



HÖNNUNAR- OG ARKITEKTÚRDEILD

Í hönnunar- og arkitektúrdeild er boðið upp á 5 námsleiðir:

- 180 eininga bakkalárnám í arkitektúr, fatahönnun, grafískri hönnun og vöruhönnun
- 120 eininga meistaranám í hönnun

Starf síðastliðins árs hefur lagt áherslu á áframhaldandi uppbyggingu kennslu ásamt því að vinna að fjölþættu starfi innan deildar til að styrkja námsumhverfi nemenda og þróun kennslu og rannsókna kennara.

Markmið með náminu er að mennta einstaklinga sem hreyfa við viðteknu ástandi og ennfremur að styðja við hönnun sem hreyfiafli í samfélaginu. Hönnuðir vinna að heildrænum lausnum og sjá félagslegar og vistkerfislegar umbreytingar í ljósi staðbundinnar þróunar en þjálfun hönnuða snýst um leiðir við að beita hönnunarhugsun inn í ólík kerfi í samfélaginu.

Áhersla hefur falist í áframhaldandi uppbyggingu náms í hönnun sem stuðlar að fjölþættri nálgun við að greina, þróa, setja fram, framkvæma og miðla tillögum að umbreytingu á fjölþættum viðfangsefnum samtímans. Lykill að þessari uppbyggingu felst í að skapa svigrúm fyrir uppgötvanir og tilraunir og að skapa umhverfi sem styður við skapandi umbreytingu og greinandi umfjöllun þvert á þekkingu og fræðasvið. Hlúð er að leit að nýjum skilningi með því að skapa snertifleti á milli mismunandi reynslu- og þekkingarheima og með því stuðlað að allri þróunar- og rannsóknarvinnu deildarinnar.

Árið 2015 einkenndist af síaukinni virkni, miðlun og þátttöku kennara og nemenda á alþjóðlegum vettvangi. Á árinu birtu kennarar deildarinnar sjö ritrýndar greinar í tímaritum eða sem bókakafli í alþjóðlegum útgáfum, haldin voru fjögur erindi á fagtengdum alþjóðlegum ráðstefnum og tekið var þátt í tveimur hönnunarsýningum á erlendum vettvangi. Kennarar og nemendur tóku þátt í fjórum stærri alþjóðlegum samstarfsverkefnum, námskeiðinu Traditions and Innovations – sustainable use of reindeer sem haldið var í Lapplandi, norræna samstarfsverkefninu Konnect sem haldið var á Íslandi, rannsóknarverkefninu ActSHEN og Evrópusamstarfsverkefninu CLEVER. BA nemendur fóru í vettvangsferðir til Parísar, Sviss, Tallin, Helsinki og Rovaniemi og útskriftarnemar MA í hönnun tóku þátt í sýningunni, Design Latitudes í University of Alberta í Kanada. Eitt útskriftarverkefni meistaranema í hönnun var valið til útgáfu í alþjóðlegri útgáfu um þróun kennslu í hönnun með áherslu á samfélagslega ábyrgð.

Af viðurkenningum hérlendis má nefna að meðal kennara voru viðtakendur bæði Edduverðlauna og Íslenskra bókmenntaverðlauna auk þeirra sem hlutu viðurkenningu á sviði hönnunar. Tvö verkefni sem hönnunarnemendur voru þátttakendur í hlutu tilnefningu til Nýsköpunarverðlauna forseta Ísland og annað þeirra vann til verðlaunanna. Veitt voru heiðursverðlaun Nýsköpunarsjóðs námsmanna í fyrsta sinn og hlaut verkefnið Eyðibýli á Íslandi sem sprottið er innan úr hönnunar- og arkitektúrdeild verðlaunin.

Nemendur

Nemendur í hönnunar- og arkitektúrdeild voru samtals 172 skólaárið 2014-2015 á fimm námsbrautum: 46 nemendur stunduðu BA nám í arkitektúr, 29 BA nám í fatahönnun, 57 BA nám í grafískri hönnun og 28 BA nám í vöruhönnun. Meistaraneimar voru 12. Kynjahlutföll voru 113 konur (66%) og 59 karlar (34%).

Inntökuhlutfall var 33%, 175 gildar umsóknir bárust, 58 nýnemar hófu nám. Flestar umsóknir bárust í grafíska hönnun eða alls 78 og inntökuhlutfall var jafnframt lægst í grafískri hönnun eða 11%.

Í júní útskrifuðust 40 nemendur með BA gráðu frá hönnunar- og arkitektúrdeild og átta úr MA í hönnun. Skiptust þeir þannig milli brauta: arkitektúr níu, fatahönnun níu, grafísk hönnun 13 og vöruhönnun níu.

Starfsfólk

Nokkrar mannbreytingar urðu í deildinni á árinu 2015. Í lok árs hætti Hildigunnur Sverrisdóttir störfum sem aðjúnkt í arkitektúr. Í vöruhönnun kom Tinna Gunnarsdóttir aðjúnkt í vöruhönnun aftur til starfa eftir að hafa lokið rannsóknartengdu meistaranámi við University of Brighton. Birna Geirfinnsdóttir lektor og fagstjóri í grafískri hönnun fór í barneignarleyfi í október 2015. Lóa Auðunsdóttir aðjúnkt tók við starfi fagstjóra og Atli Hilmarsson við starfi aðjúnkts tímabundið. Jan van Boeckel hætti störfum sumar 2015 en Guðbjörg R. Jóhannesdóttir hefur verið ráðin aðjúnkt og fagstjóri fræðinámskeiða í MA og Hlín Helga Guðlaugsdóttir hefur verið ráðin aðjúnkt í MA hönnun. Bryndís Björgvinsdóttir hefur verið í lækkuðu starfshlutfalli vegna listamannalauna. Sigrún Birgisdóttir deildarforseti kom aftur til starfa eftir barneignarleyfi í október og Sigrún Alba Sigurðardóttir, sem leysti Sigrúnu Birgisdóttur af, sneri aftur til starfa sem lektor og fagstjóri fræða. Rúna Thors var ráðin í afleysingar fyrir Hallgerði Hallgrímsdóttur verkefnastjóra. Hallgerður kom aftur til starfa haustið 2015 sem verkefnastjóri samhliða Rúnu.

Haustið 2015 voru akademískir starfsmenn, að deildarforseta meðtöldum, alls 18 og voru stöðugildin 14,3. Auk þess eru þrír fastráðnir starfsmenn verkstæða í Laugarnesi í hálfu starfi á móti starfshluta í myndlistardeild. Þá eru tveir starfsmenn í 0,7 stöðugildum á verkstæðum í Þverholti. Við deildina er jafnframt starfandi deildarfulltrúi, þjónustufulltrúi og verkefnastjórar.

Fastir starfsmenn við deildina voru:

Sigrún Birgisdóttir, deildarforseti (haust, í leyfi vor)

Arkitektúr: Steinþór Kári Kárason, prófessor og fagstjóri, Massimo Santanicchia, lektor, Hildigunnur Sverrisdóttir, aðjúnkt

Fatahönnun: Katrín María Káradóttir, aðjúnkt og fagstjóri, Linda B. Árnadóttir, lektor, Helga Pálína Brynjólfssdóttir, umsjónarmaður textílverkstæðis

Grafísk hönnun: Birna Geirfinnsdóttir, lektor og fagstjóri (vor, í leyfi haust), Lóa Auðunsdóttir, aðjúnkt (fagstjóri haust), Atli Hilmarsson, aðjúnkt (haust)

Vöruhönnun: Garðar Eyjólfsson, lektor og fagstjóri, Thomas Pausz, aðjúnkt, Tinna Gunnarsdóttir, aðjúnkt

MA hönnun: Halldóra Ísleifsdóttir, prófessor og fagstjóri, Guðmundur O. Magnússon, prófessor, Hlín Helga Guðlaugsdóttir, aðjúnkt

Fræðigreinar: Sigrún Alba Sigurðardóttir, lektor og fagstjóri (haust, starfandi deildarforseti vor), Bryndís Björgvinsdóttir, aðjúnkt og fagstjóri, Guðbjörg R Jóhannesdóttir, aðjúnkt (haust), Jan van Boeckel, aðjúnkt (vor)

Verkstæði: Halldór Arnar Úlfarsson, aðjúnkt

Stoðþjónusta og verkefnastjórn: Hafdís Harðardóttir, deildarfulltrúi, Hreinn Bernharðsson, þjónustufulltrúi, Hallgerður Hallgrímsdóttir, verkefnastjóri, Rúna Thors, verkefnastjóri

Stundakennarar gegna lykilhlutverki í kennslu við deildina og voru stöðugildi þeirra samtals 6,6. Fjöldi erlendra gestakennara kom einnig að kennslu en að jafnaði kemur einn erlendur gestakennari á hverja námsbraut í BA námi á hverri önn og tveir á hverja önn í MA námi.

Tengsl á alþjóðlegum vettvangi eru styrkt með þátttöku í Erasmus kennara- og nemendaskiptum, með komu gestakennara og með því að fá erlenda prófdómara sem eru framúrskarandi hönnuðir og kennarar á sínu sviði. Prófdómarar 2015 voru Deborah Berke, nýráðin Dean of Yale School of Architecture, í arkitektúr, Michael Kampe, framkvæmdastjóri hjá Hugo Boss, í fatahönnun, Lex Pott, sjálfstætt starfandi hönnuður í Amsterdam, í vöruhönnun og Nick Robertson, hönnuður, í grafískri hönnun og meistaranámi í hönnun.

Stefnumótun og framtíðarsýn

Helstu stefnumál deildarinnar eru að hlúa að lærdómssamfélagi hönnuða með metnaðarfullu námi og kennslu, að styrkja áframhaldandi uppbyggingu meistaranáms í hönnun, hefja meistaranám í arkitektúr og að efla rannsóknir og þróun verkefna í hönnun og arkitektúr.

Markmið hönnunar- og arkitektúrdeildar eru að:

- bjóða upp á metnaðarfullt nám og kennslu
- þróa lærdómssamfélag kennara og nemenda
- þróa þverfagleg samvinnuferli í hönnun
- vinna að sjálfbærni
- byggja upp rannsóknamenningu sem styður sameiginlega þekkingarsköpun
- takast á við samtímaáskoranir í samfélaginu með aðferðafræði hönnunar
- koma menningu hönnunar á framfæri sem hreyfiafli í samfélaginu
- stuðla að uppbyggilegum breytingum í samfélaginu

Helsta markmið deildarinnar er að styrkja innviði og umhverfi rannsókna. Stefnt er að stofnun rannsóknarmiðstöðvar í hönnun sem hefði að markmið að veita stuðning fyrir verkefnastjórnun og fjármögnun rannsóknaverkefna ásamt því að skapa umgjörð um rannsóknarsetur deildar. Markmið rannsóknarmiðstöðvar er að styðja akademíska starfsmenn deildarinnar til rannsókna og listsköpunar ásamt því að skapa vettvang sem tryggir að nýrri þekkingu, verkefnum og rannsóknum sé miðlað áfram.

Þörf er á því að styðja við og efla fjölbreyttari miðlun og kynningu á starfsemi deildar, bæði verkum og rannsóknarverkefnum nemenda og kennara. Í því felst m.a. að endurskoða áherslur í miðlun útskriftarverkefna nemenda og er sú vinna í undirbúningi ásamt skipulagningu fyrstu ráðstefnu deildar að vori 2017.

Í áætlun er að hefja meistaranám í arkitektúr haust 2017. Eftir 15 ára starf námsbrautar í arkitektúr er áriðandi að þróa frekar kennslu, nám og rannsóknir í faginu í íslensku samhengi og efla með því tengsl við aðra fagaðila og innviði í samfélaginu. Unnið verður að frekari þróun námsbrautar og samstarfi um rannsóknir á komandi ári ásamt því að þróa samlegðaráhrif með meistaranámi í hönnun.



LISTKENNSLUDEILD

Í listkennsludeild er boðið upp á tvær námsleiðir:

- Tveggja ára, 120 eininga meistarnám í listkennslu
- Eins árs, 60 eininga diplómanám til kennsluréttinda sem einungis er í boði fyrir þá sem lokið hafa meistaraþráðu í sinni listgrein.

Áherslur deildarinnar mótast af rannsóknarsviðum starfsmanna og grunnstoðum menntunar samkvæmt núgildandi Menntastefnu, s.s. sjálfbærni til menntunar og í listum, læsi í víðum skilningi, símenntun og skapandi nálgun í skólastarfi á forsendum lista. Nemendur eru einnig hvattir til að tengja verkefni sín vettvangi á fjölbreyttan hátt.

Vorið 2015 fór vinna við sjálfsmat listkennsludeildar fram og kom sjálfsmatsskýrslan út í september 2015. Sjálfsmatið var unnið af úttektarnefnd sem skipuð var við deildina og erlendum ráðgjafa. Auk þeirra voru núverandi og fyrrverandi nemendur, aðrir starfsmenn deildarinnar og stoðsviða kallaðir til samráðs og til umsagnar um ákveðin málefni. Formaður sjálfsmatarnefndar var Kristín Valsdóttir deildarforseti.

Símenntun listkennara

Frá hausti 2011 hafa valin námskeið deildarinnar verið opin fyrir starfandi listkennurum og listamönnum. Í samræmi við aukna eftirspurn hefur framboðið verið aukið síðustu tvö skólaár og buðust alls 17 námskeið á vorönn en 13 á haustönn 2015. Þess má geta að boðið var upp á eitt námskeið fyrir starfandi kennara á Austurlandi í samvinnu við Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs (MMF). Er það nýlunda í samstarfi sem við viljum gjarnan rækta áfram og við fleiri menningarmiðstöðvar á landinu. Samfara tækifæri fyrir samtal milli nemenda og starfsvettvangs, býðst í opnum námskeiðum tækifæri til símenntunar fyrir listkennara og listamenn, hvort sem þeir hyggjast bæta við sig formlegu námi eða ekki. Er þessi þróun um aukið framboð starfs- og símenntunarnámskeiða í samhljómi við stefnu Fagráðs um starfsþróun kennara sem starfrækt hefur verið á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Þar sem kennaranám fyrir öll skólastig og tónlistarskóla er skilgreint sem ævinám. Deildarforseti hefur undanfarin ár setið í Fagráðinu.

Rannsóknarstofa í listkennslufræðum

Rannsóknarstofu í listkennslufræðum var formlega stofnuð í september 2014. Markmið hennar er að auka og efla rannsóknir og þróunarverkefni á sviði listnáms og listkennslu á öllum skólastigum í náninni samvinnu við vettvang. Rannsóknarstofan starfar undir hatti listkennsludeildar Listaháskóla Íslands og hefur aðsetur þar. Formaður stjórnar stofunnar er Kristín Valsdóttir deildarforseti listkennsludeildar. Þann 30. maí 2015 var haldið málþing á vegum rannsóknarstofunnar. Yfirskrift þess var *Aðgengi barna að listum og listkennslu - réttur eða forréttindi?* og var það haldið á Listasafni Reykjavíkur. Flutt voru fjölbreytt erindi um aðgengi barna að listum og listiðkun m.a. um Tónlist fyrir alla, Þjóðleik sem er samfélagsverkefni Þjóðleikhússins fyrir ungt fólk á landsbyggðinni, myndlistarkennslu sjónskertra barna og ratleik um útilistaverk í Breiðholtiinu. Gestur ráðstefnunnar var Darja Štirn sem unnið hefur mikið með ljósmyndun með ungum börnum.

Í október var haldinn stofnfundur hóps um listir og sjálfbærni sem starfar nú undir hatti rannsóknarstofunnar.

Nemendur

Nemendur við listkennsludeild voru 41 á árinu 2015. Þar af þrír í diplómanámi. Aðrir voru í meistaranámi til kennsluréttinda M.Art.Ed og MA. Listrænn bakgrunnur kennaranemanna var margbreytilegur að vanda. Hópurinn samanstóð af sjö tónlistarmönnum, þremur leikurum og einum leikstjóra, tveimur dönsurum, tíu hönnuðum og átján myndlistarmönnum af ólíkum sérsviðum. Á árinu 2015 útskrifuðust alls 22 nemendur. Fjórir nemendur útskrifuðust í janúar, fimmtán í júní og þrír í október. Flestir nemendur deildarinnar eru á aldursbilinu 31–50 ára.

Starfsfólk

Á árinu voru fimm akademískir starfsmenn í fastri stöðu við deildina auk deildarforseta. Einn aðjúnt bættist við á árinu í hlutastarf í deildinni á móti hlutastarfi í hönnunar- og arkitektúrdeild. Stundakennarar og gestir á námskeiðum voru alls 43 í þeim 46 námskeiðum sem í boði voru utan vettvangsnáms.

Viðtökukennarar nemenda í vettvangsnámi voru 20 alls. Leiðbeinendur meistaraverkefna voru 13 á árinu.

Fastráðnir starfsmenn deildarinnar voru sjö í 4,35 stöðugildum:

Akademískir starfsmenn: Ásthildur B. Jónsdóttir, lektor og fagstjóri sjónlista, Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, aðjúnt og umsjónarmaður meistaraverkefna, Gunnar Benediktsson, aðjúnt, Kjartan Valdemarsson, aðjúnt og Vigdís Jakobsdóttir, aðjúnt og fagstjóri sviðslista.

Aðrir starfsmenn: Gunndís Ýr Finnbogadóttir, deildarfulltrúi og verkefnastjóri og Kristín Valsdóttir, deildarforseti og fagstjóri tónlistar.

Stefnumótun og framtíðarsýn

Helstu stefnumál deildarinnar er að hlúa að því markmiði sínu að veita afbragðsmenntun fyrir verðandi listgreinakennara þar sem tekið er mið af forsendum og vinnubrögðum listgreinanna sjálfra. Það felur í sér stöðugt samtal við listkennara, listamenn og skólasamfélagið um þróun og hönnun nýrra kennsluhátta.

Deildin hefur það að markmiði að styrkja og efla áframhaldandi þróun símenntunar fyrir og listkennara og listamenn. Til viðbótar opnu námskeiðunum hefur deildin tekið að sér að halda utan um símenntunarnámskeið fyrir fagfélög listkennara sem styrkt eru af Félagi framhaldsskólakennara, tónlistar – og tónmenntakennara, fyrir Félag íslenskra myndlistarmanna og einnig fyrir Samtök list- og hönnunarkennara á framhaldsstigi. Þróun styttri námslína og viðbótarnáms til diplómu er einnig á teikniborðinu. Er þar m.a. um að ræða hagnýtar námslínur og diplomur í listgrein fyrir starfandi kennara sem vilja fyrst og fremst bæta við sig fagþekkingu í listgrein.

Með virku sambandi við fagfélög, listkennara og Rannsóknarstofu í listkennslufræðum er að byggjst upp sterkt samfélag listkennara og listamanna sem sinna rannsóknum og þróunarverkefnum á sviði listkennslu í víðum skilningi. Til þess að þessi vettvangur megi blómstra þarf nauðsynlega að hlúa að þeim sem því sinna með auknu svigrúmi og tíma til þróunar- og rannsóknarvinnu.

MYNDLISTARDEILD

Myndlistardeild hefur lagt áherslu á mótun nýrra námskeiða og nýliðunar þegar kemur að vali á kennurum og gestum deildarinnar. Skólaárið 2015 er þar engin undantekning. Margir ungir listamenn og fræðimenn voru gestir deildarinnar þetta skólaár og stigu sín fyrstu skref sem leiðbeinendur og fyrirlesarar. Á sama tíma voru ræktuð tengsl við reynslumeiri leiðbeinendur við deildina en allt þetta fagfólk af vettvangi myndlistar er mikilvæg viðbót við þekkingu fastra kennara deildarinnar.

Sýningarvettvangur nemenda myndlistardeildar hefur verið lifandi þáttur í starfi deildarinnar. Einka-sýningar MA nemenda í Kubnum á vormisseri undir heitinu Kveikjuþræðir og einkasýningverkefni 3. árs BA á haustönn fóru fram af fullum krafti. Starfsemi Kaffistofunnar, nemendagallerís á Hverfisgötu, var blómleg á vorönn, en því miður missti deildin húsnæðið og því mjög brýnt fyrir myndlistardeild að finna annað húsnæði fyrir nemendagallerí þar sem nemendur eiga kost á því að setja fram verk sín fyrir utan vegg skólans. Útskriftarsýningar deildarinnar í Listasafni Reykjavíkur og Listasafni Kópavogs voru að vanda glæsilegar þar sem sjá mátti fjölbreytt verk nemenda sem endurspegluðu vel hvað ungt fólk var að þæla 2015.

Deildarforseti var í rannsóknarleyfi á haustmisseri og lét svo af störfum er nýr deildarforseti var ráðinn 1. mars 2016. Ólafur Sveinn Gíslason prófessor gegndi starfi deildarforseta á haustönn. Ólöf Nordal leysti Ólaf af á haustönn í fullu starfi. Bryndís Snæbjörnsdóttir var ráðin í hlutastarf sem gestaprófessor við myndlistardeild með sérstakri áherslu á utanumhald ritgerðasmíða MA nemenda, er tekur á samþættingu listsköpunar og greinandi umfjöllunar þeirra um eigin verk. Áhugaverðar umræður fóru fram um verkefni og rannsóknir akademískra starfsmanna myndlistardeildar. Einn þáttur var að hittast á vinnustofum hvers annars til að ræða listræn viðfangsefni. Hugmynd að stofnun vef tímarits deildarinnar varð til og var unnið að undirbúningi útgáfu.

Á haustönn fór fram undirbúningur fyrir ráðstefnuna „Athöfn - snúin afstaða til hlutarins“. Í titlinum felst aðferðafræðileg spurning sem vísar til gerandans sjálfs og minna til efnisins eða tækninnar. Þetta er sögulegt viðfangsefni sem jafnframt hefur margar birtingarmyndir í samtímamyndlist. Ráðstefnan fór fram í janúar 2016 með fimm alþjóðlega starfandi myndlistarmönnum sem einnig komu að kennslu við deildina.

Í október fóru akademískir starfsmenn myndlistardeildar á KUNO ráðstefnu eins og gert hefur verið á haustmánuðum til margra ára, í þetta skiptið til Riga í Lettlandi. KUNO er samstarfsnet 18 listaháskóla á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjum. Hulda Stefánsdóttir prófessor og fagstjóri meistaranáms myndlistardeildar er formaður stjórnar KUNO. Myndlistardeild og alþjóðasvið LHÍ tóku að sér að reka skrifstofu KUNO næstu fimm árin. Fullyrða má að þetta muni efla alþjóðleg samskipti deildarinnar og um leið alþjóðasvið Listaháskólans.

Mikið fjölmiðlafar varð í lok nóvember vegna verkefnis nemanda á fyrsta ári myndlistardeildar þegar hann lokaði sig nakinn í glerkassa í eina viku. Verkefninu var streymt á netinu og fylgdust landsmenn með athæfinu, sem gekk undir heitinu „Almar í kassanum“, ásamt fjölmiðlum sem mættu í stórum hópum er hann steig aftur út úr kassanum. Athyglisvert var að fylgjast með þróun umræðunnar sem var mjög neikvæð í upphafi. En eftir því sem leið á vikuna varð þjóðin áhugasamari og jákvæðari í garð Almars í kassanum. Hvort listrænn skilningur þjóðarinnar hafi aukist með verkinu skal ekki sagt.

Árið 2015 var á margan hátt ágætt fyrir myndlistardeildina. Með tilkomu meistaranáms hefur deildin bæði stækkað og eflst sem hefur haft jákvæð áhrif á starfsemina. Ljóst er að samvinnun verklegrar vinnu og listfræðilegrar greiningar hefur skilað góðum árangri og stutt vel við bakið á ungum og upprennandi myndlistarmönnum þegar út á fagvettvanginn er komið. Sáum við þess skýr merki á haustdögum 2015 þegar tilkynnt var um úthlutun úr launasjóði myndlistarmanna en á meðal styrkþegar þar voru tveir ungir listamenn úr fyrsta útskriftarárgangi meistaranámsbrautar. Gott samband er við myndlistarvettvanginn og nemendur njóta góðs af áhuga myndlistarmanna á kennslu við deildina.

Nemendur

Vorið 2015 stunduðu 105 nemendur nám við myndlistardeild, 67 konur og 38 karlar.

Alls bárust 54 gildar umsóknir um BA nám við deildina og 30 nemendur fengu inngöngu.

Alls bárust níu gildar umsóknir um MA nám við deildina og fimm nemendur fengu inngöngu.

Vorið 2015 útskrifaði myndlistardeild 21 nemanda á BA stigi, 16 konur og 5 karlar. Af MA stigi útskrifuðust sex nemendur, fimm konur og einn karl.

Haustið 2015 stunduðu 118 nemendur nám við myndlistardeild, 81 kona og 37 karlar. Haldin voru 70 námskeið á skólaárinu á vegum deildarinnar, 28 fræðinámskeið og 42 námskeið á sviði listsköpunar.

Skiptinám og starfsnám

Á skólaárinu stunduðu 18 erlendir nemendur nám við deildina. Sex í MA og 12 í BA. Á sama tíma stunduðu 15 nemendur frá myndlistardeild nám erlendis.

Starfsfólk

Við deildina störfuðu 16 manns á skólaárinu. Ásamt deildarforseta störfuðu þrír prófessorar, átta aðjúnktar. 83 stundakennarar og gestir komu að kennslu og verkefnum af ýmsum toga. Fastráðnir starfsmenn voru: Aðalheiður Lilja Guðmundsdóttir, aðjúnkt og fagstjóri fræðigreina vorönn 2015, í fæðingarorlofi haust 2015 Ásdís Spanó, verkefnastjóri

Eric Wolf, aðjúnkt, umsjónarmaður ljósmyndavers

Erling T.V. Klingenberg, aðjúnkt

Gulleik Lövskar, aðjúnkt, umsjónarmaður á smíðaverkstæði vorönn 2015

Hekla Dögg Jónsdóttir, prófessor

Hulda Stefánsdóttir, prófessor og fagstjóri meistaranámsbrautar

Jóhann Torfason, aðjúnkt, umsjónarmaður á prentverkstæði

Jóhannes Dagsson, aðjúnkt og starfandi fagstjóri fræðigreina á haustönn 2015

Kristján Steingrímur Jónsson, deildarforseti (Kristján var í rannsóknarleyfi á haustönn 2015)

Ólafur Sveinn Gíslason, prófessor, starfandi deildarforseti á haustönn 2015

Ólöf Nordal, aðjúnkt á haustönn 2015

Ragnhildur Stefánsdóttir, umsjónarmaður á mótunarverkstæði

Sigurður Guðjónsson, aðjúnkt

Skjöldur Vatnar Björnsson, umsjónarmaður á smíðaverkstæði, haustönn 2015

Svanhvít Thea Árnadóttir, umsjónarmaður á smíðaverkstæði, haustönn 2015

Stefnumótun og framtíðarsýn

Nýr deildarforseti tók til starfa við myndlistardeild þann 1. mars, 2016. Það er mikil áskorun fyrir nýjan deildarforseta að varðveita allt það sem vel er gert en innleiða á sama tíma nýjar nálganir og markmið, sem gefa deildinni aukinn kraft og áræðni. Ljóst er að fjórir nýir kennarar munu hefja störf við myndlistardeild þann 1. ágúst 2016. Nýr aðili tekur við áframhaldandi þróun meistaranáms og stefnt er að því að fastráða þrjú nýja kennara á bakkalárstigi. Með nýju og fersku fólki mun án efa verða mikil og eftirtektarverð breyting á anda og umsvifum deildarinnar. Lífandi tengsl við fagið eru mikilvæg til þess að halda hinum listrænu sjónarmiðum sífellt vakandi. Þetta hefur verið stefna deildarinnar hingað til og verður svo áfram. Að þessu leyti skal lögð áhersla á að allir kennarar séu starfandi myndlistarmenn í fremstu röð eða fagfólk á sínu sviði. Myndlistardeild er í fararbroddi tæknilega og hugmyndafræðilega séð. Þannig er mikilvægt að verkstæði, tækjakostur og góð þekking á því sviði séu aðgengileg nemendum og að fyrirlestrar og fræðileg nálgun snerti á því sem er efst á baugi í samtímanum.

Það var mikið framfaraskref að setja á fót meistaranám í myndlist, sem hefur dýpkað og auðgað námið í deildinni. Með tilkomu meistarastigsins, hefur gefist tækifæri til þess að endurskoða ýmislegt á bakkalárstigi og áherslur hafa skýrst. Nemendur í grunnnámi kynnast hinum margvíslegustu miðlum, prófa sem flest og hafa aðgang að breiðu námsframboði til þess að kanna áhugasvið sitt og efla færni. Á meistarastigi vinna nemendur frekar á eigin forsendum og útfæra fræðilegri og persónulegri viðfangsefni í stúdíói eða á fræðasviði.

Á haustönn 2016 munu nemendur í meistaranámi í fyrsta skipti geta valið um ólíkar áherslur í náminu, MA myndlist og MA fræði og framkvæmd, þegar námsleiðum innan brautar verður fjölgað úr einni í tvær. Þetta opnar nemendum frekari valmöguleika á fagsviði samtímamyndlistar, spannar sviðið og leyfir þeirri eðlilegu skörun sem er fyrir hendi í starfi myndlistarmanns, sýningarstjóra og myndlistargreinanda að eiga sér stað. Þetta er einnig liður í undirbúningi að stofnun sérstakrar fræða- og sýningarstjóra brautar við myndlistardeild. Á komandi misserum munum við einnig leggja drög að því að setja á fót doktorsnám í myndlist og fræðum.

Nú á vormánuðum mun vefrit myndlistardeildar líta dagsins ljós og myndlistardeild hefur í smíðum stefnuskrá rannsókna í myndlistardeild. Mikið starf hefur þegar verið unnið í þessum efnun og er mikilvægt að styðja vel við þessa hlið mála.

Eðli myndlistar er sókn í hið óþekkta. Myndlistardeild þarf að gæta þess að hvika ekki frá þessari grunnafstöðu listsköpunar samhliða aukinni sókn inn á vettvang rannsókna og fræða. Mótun hugtaka og kortlagning á því í hverju listransóknir felast er áframhaldandi verkefni. Það er hlutverk allra deilda Listaháskólans að stuðla fremur að því að víkka út hvað felst í hugtakinu rannsókn, frekar en að aðlaga sig að ríkjandi viðhorfum fræðasamfélagsins. Aðferðafræði listarinnar getur fremur opnað rannsækendum á öðrum sviðum nýjar leiðir. Listaháskólinn þarf að gæta vel að því að starfsaðferðir lista séu metnar að verðleikum innan þeirra stofnana sem úthluta opinberu fjármagni til rannsókna og nýsköpunar. Áframhaldandi áhersla verður því á eflingu rannsókna og nýsköpunar við deildina. Mikil sóknarfæri liggja á þessum vettvangi.



SVIÐSLISTAEILD

Við sviðslistadeild er kennt á þremur námsbrautum til bakkalárgráðu, samtímadansbraut, sviðshöfundabraut og leikarabraut. Tveir árgangar eru jafnan við nám í deildinni hverju sinni.

Nemendur

Á vorönn 2015 voru nemendur á öðru og þriðja námsári alls 62 nemendur. Á vorönn 2015 voru níu nemendur á öðru ári leikarabrautar, sex konur og þrjár karlar og 11 nemendur á þriðja ári sex konur og fimm karlar. Ellefu nemendur voru á öðru ári sviðshöfundabrautar sex konur og fimm karlar og níu nemendur á þriðja ári, sex konur og þrjár karlar. Í samtímadansi stunduðu átta nemendur nám á öðru ári sex konur og tveir karlar en á þriðja ári voru tíu konur. Útskrifaðir nemendur 2015 voru 26 þar af ellefu af leikarabraut, sjö af samtímadansbraut og átta af sviðshöfundabraut.

Á haustönn voru nemendur á fyrsta og þriðja námsári alls 57. Á haustönn 2015 voru tíu nemendur á fyrsta ári leikarabrautar, sex konur og fjórir karlar og níu nemendur á öðru ári sex konur og þrjár karlar. Ellefu nemendur voru á þriðja ári sviðshöfundabrautar, sex konur og fimm karlar og tíu á fyrsta ári. Í samtímadansi stunduðu níu nemendur nám á fyrsta ári, átta konur og einn karla en á þriðja ári voru átta nemendur, sjö konur og einn karl.

Átta nemendur sviðslistadeildar fóru í skiptinám erlendis til Bretlands, Hollands, Finnlands, Kúbu og Danmörku, þar af sex dansnemar og tveir sviðshöfundanemar. Sjö nemendur fóru erlendis í starfsnám, til Danmerkur, Írlands, Belgíu og Englands, þar af fimm sviðshöfundanemar og tveir dansnemar.

Tveir erlendir skiptinemar voru við nám á samtímadansbraut á árinu. Í janúar 2015 heimsóttu fimm erlendir gestanemendur deildina frá Eistlandi, Danmörku, Litháen og Svíþjóð og níu nemendur leikarabrautar fóru í stutt nemendaskipti innan Nortea netsins, til Eistlands, Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar. Einn nemi í samtímadans sótti námskeið innan Dama netsins í Viljandi, Eistlandi og einn nemandi sótti námskeið innan ECA netsins í Riga, Lettlandi. Alls sóttu tíu nemendur starfsnám á árinu. Þrjár nemendur af sviðshöfundabraut sóttu starfsnám hér heima; einn við Leikfélag Akureyrar og tveir við Borgarleikhúsið. Fjórir nemendur sviðshöfundabrautar fóru erlendis, tveir til Kaupmannahafnar, einn til London og einn til Dublin. Tveir nemendur samtímadansbrautar fóru í starfsnám til Belgíu og einn nemandi á samtímadansbraut var við starfsnám hjá Íslenska dansflokknum.

Starfsfólk

Haustið 2015 störfuðu tíu fastir starfsmenn við deildina auk starfsmanna af stoðsviðum. Settur deildarforseti, prófessor, lektor, sem jafnframt fór með fagstjórn yfir námsbrautum deildarinnar ásamt settum deildarforseta, sex aðjúntar og tæknistjóri. Af stoðsviðum unnu verkefnastjóri og deildarfulltrúi við deildina. Stundakennarar og gestir voru 54 og 15 erlendir gestakennarar og fyrirlesarar heimsóttu deildina. Fimm kennarar fóru utan í kennaraskipti á vegum Norplus og Erasmus+, tveir til London og einn til Parísar, einn til Kaupmannahafnar og einn til Arnhem. Tveir erlendir kennarar komu í kennaraskipti á vegum Erasmus+ á árinu, frá Litháen og Svíþjóð. Ný staða verkefnastjóra var stofnuð, en verkefnastjóri sinnir

störfum deildarfulltrúa auk þess að stýra verkefnum á vegum deildarinnar og sinna kynningarmálum. Magnús Þór Þorbergsson lektor í leiklistarfræðum lauk samningi sínum vorið 2015 og voru Ásgerður Gunnarsdóttir og Alexander Roberts ráðin tímabundið sem aðjúntar í kennslu og fagstjórn fræða. Steinunn Ketilsdóttir aðjúnt í samtímadansi og líkamspjálfun leikara hvarf frá störfum og var Hilmar Jensson ráðinn aðjúnt í hreyfingu leikara og Saga Sigurðardóttir var ráðinn aðjúnt við samtímadansbraut. Kjartan Valdemarsson fastur undirleikari við sviðslistadeildina færðist undir tónlistardeild en sinnir þó enn störfum við samtímadansbraut og leikarabraut. Steinunn Knútsdóttir deildarforseti var í rannsóknarleyfi á haustönn 2015 og gegndi Sveinbjörg Þórhallsdóttir lektor í samtímadansi stöðu deildarforseta á meðan.

Starfsmenn deildarinnar 2015 voru:

Alexander Roberts, aðjúnt í sviðslistafræðum - haust 2015

Ásgerður Gunnarsdóttir, aðjúnt í sviðslistafræðum - haust 2015

Björk Jónsdóttir, aðjúnt í söng

Egill Ingibergsson, tæknistjóri

Hilmir Jensson, aðjúnt í hreyfingu - haust 2015

Kjartan Valdimarsson, meðleikari - vor 2015

Magnús Þór Þorbergsson, lektor og fagstjóri fræða - vor 2015

Saga Jónsdóttir, aðjúnt í samtímadansi

Snæbjörg Sigurgeirsdóttir, aðjúnt í rödd

Stefán Jónsson, prófessor og fagstjóri leikarabrautar

Steinunn Ketilsdóttir, aðjúnt í samtímadansi og hreyfingu – vor 2015

Steinunn Knútsdóttir, deildarforseti

Sveinbjörg Þórhallsdóttir, lektor og fagstjóri dansbrautar

Una Þorleifsdóttir, lektor í sviðslistum og fagstjóri sviðshöfundabrautar

Stefnumótun og framtíðarsýn

Helsta stefnumál deildarinnar er að byggja undir rannsóknir og þekkingarsköpun í fagumhverfi sviðslista. Mikilvægasta skref í þá átt er stofnun meistaranáms í sviðslistum sem hefst haustið 2016. Nýr nemendahópur verður staðsettur í Laugarnesi og mun þar verða þátttakandi í samfélagi meistaranema þvert á deildir Listaháskólans og deila aðstöðu með samnemendum í myndlist og listkennslu auk þess sem þeir munu geta nýtt aðstöðuna á Sölvhólgötu. Stefnt er að því að byggja sérstök leikhúsrými í Laugarnesinu til að mæta þörfum þessa nýja nemendahóps. Í tengslum við uppbyggingu í deildinni mun fara fram styrking kennarahóps með ráðningu í þrjár akademískar stöður þar af tvær nýjar stöður; háskólakennara í sviðslistum með áherslu á sviðslistarannsóknir og háskólakennara með áherslu á aðferðir samtíma sviðslista. Stefnan er að styrkja frekar faglegt bakland hverrar brautar fyrir sig og um leið að efla samstarf við fagumhverfi sviðslista hérlendis og erlendis. Lögð er áhersla á að kennarar hafi aðstöðu til þess að fara erlendis í kennaraskipti og sækja innblástur til kennslu og stefnumótunar. Nýtt verkefni á vegum Nortéas sem Ísland leiðir um þessar mundir mun beina sjónum að sjálfbærni sviðslistamannsins í víðum skilningi og er hugmynd um að skoða heildarsamhengi kennslunnar og sviðslistaumhverfisins með nýjum gleraugum sjálfbærinnar, hvað varðar aðferðafræði, siðfræði og menningarpólitík.

Meginhlutverk tónlistardeildar er að mennta tónlistarfólk fyrir störf í tónlist á breiðum grundvelli.

Árið 2015 bauð tónlistardeild upp á þrjár námsleiðir:

- 180 eininga bakkalárnám á fimm námsbrautum sem leiða til BA eða BMus gráðu
- 120 eininga meistaranám á þremur námsbrautum sem leiða til MA eða MMus gráðu
- 80 eininga diplómanám fyrir hljóðfæranemendur sem enn stunda nám í framhaldsskóla

Í bakkalárnámi, sem er þriggja ára nám, var boðið upp á eftirtaldar brautir:

- Hljóðfæraleik og söng, BMus
- Tónsmíðar, BA
- Hljóðfærakennslu, BMus
- Skapandi tónlistarmiðlun, BA
- Kirkjutónlist, BMus

Námið í kirkjutónlist er samstarfsverkefni Tónskóla Þjóðkirkjunnar og tónlistardeildar Listaháskólans.

Í meistaranámi, sem er tveggja ára nám, var boðið upp á eftirtaldar brautir:

- Tónsmíðar, MA/MMus
- Sköpun, miðlun og frumkvöðlastarf (NAIP), MMus

NAIP er samstarfsverkefni fjögurra tónlistarháskóla í Hollandi, Svíþjóð og Íslandi.

Meðal helstu verkefna tónlistardeildar á árinu var undirbúningur meistaranáms í söng- og hljóðfærakennslu í samstarfi við listkennsludeild LHÍ, sem hefst á haustönn 2016. Vinna við gerð rannsóknarstefnu deildarinnar og undirbúningur að útgáfu tímarits tónlistardeildar „Þráða“ hófst.

Nemendur

Nemendur deildarinnar voru samtals 77 á vorönn 2015, 35 karlar og 42 konur, en á haustönn voru nemendur 94, 38 karlar og 56 konur. Flestir nemendur deildarinnar eru í yngri kantinum, en 70% nemenda eru yngri en 25 ára. Nemendur deildarinnar skiptust á sex brautir og að auki er boðið upp á námsleið fyrir nemendur sem enn stunda nám við framhaldsskóla. Þeirri leið lýkur með diplómagráðu. Á vorönn voru flestir nemendur á tónsmíðabraut eða 31 á vorönn en á haustönn fjölgaði til muna nemendum í hljóðfæraleik og varð því fjölmennasta brautin með 29 nemendur á haustönn. Nemendur voru teknar inn á fjórar brautir bakkalárnáms. Á skólaárinu 2014–15 útskrifuðust alls 22 nemendur, 14 karlar og níu konur. Þar af var einn nemandi sem útskrifaðist við vetrarútskrift.

Starfsfólk

Á vorönn 2015 voru fastráðnir starfsmenn deildarinnar 21 í 13,20 stöðugildum: Atli Ingólfsson, Árni Heimir Ingólfsson, Guðný Guðmundsdóttir, Gunnar Benediktsson, Gunnsteinn Ólafsson, Helga Bryndís Magnúsdóttir, Hildigunnur Rúnarsdóttir, Hróðmar I. Sigurbjörnsson, Kristinn Sigmundsson, Martial Nardeau, Peter Máté, Richard Simm, Ríkharður H. Friðriksson, Selma Guðmundsdóttir, Sigurður Halldórsson, Svava Bernharðsdóttir, Sveinn Kjartansson, Tryggvi M. Baldvinsson, Úlfar Ingi Haraldsson, Þorbjörg Daphne Hall og Þóra Einarsdóttir. Á haustmánuðum bættust svo við Berglind María Tómasdóttir, Einar Torfi Einarsson, Kristján Karl Bragason, Kjartan Valdimarsson og Páll Ragnar Pálsson og hækkuðu stöðugildi deildarinnar í 16,65.

Stefnumótun og framtíðarsýn

Markmið tónlistardeildar Listaháskólans, sem einu stofnunarinnar sem býður upp á tónlistarnám á háskólastigi, er að vera í fararbroddi tónlistarmenntunar á Íslandi. Við teljum að þekking sé drifkraftur sköpunar og því bjóðum við framsækið nám sem byggir á hefð, sögu og tækni. Markmiðið er að stuðla að þroska og efla nemendur til sjálfstæðis og sterkrar vitundar fyrir nýsköpun, samfélagi og samstarfi. Það er vilji deildarinnar að:

- viðhalda listrænum og faglegum gæðum
- stuðla að þverfaglegri samvinnu
- efla listsköpun og rannsóknir
- eiga samtal við nánasta umhverfi og samfélagið í heild
- taka þátt í alþjóðlegu samstarfi
- stunda markvissa þjálfun og gagnrýna hugsun í starfi
- skapa jákvætt vinnuumhverfi sem byggir á virðingu og trausti

Meðal helstu verkefna deildarinnar í náninni framtíð er enn frekari styrking innviða deildarinnar; efling rannsókna og vettvangs til miðlunar þeirra og endurskoðun flæðirita og kennsluskrár með aukna samfelli í huga. Einnig verður hugað að undirbúningi sjálfsmatsskýrslu tónlistardeildar fyrir næstu lotu gæðaúttektar háskólanna.



Ljósmynd: Sigute Žurauskaitė

STUNDAKENNARAR - FYRIRLESARAR - GESTIR



HÖNNUNAR- OG ARKITEKTÚRDEILD

Stundakennarar 2015

Agnar Jón Egilsson
Anna Dröfn Ágústsdóttir
Anna Sigríður Jóhannsdóttir
Anne Kathrine Clausen
Anton Kaldal Ágústsson
Arnar Freyr Guðmundsson
Atli Þór Árnason
Ármann Agnarsson
Árni Friðriksson
Ásgeir Matthíasson
Ásmundur Hrafn Sturluson
Ásmundur Þórðarson
Ásta Jóhannsdóttir
Ásthildur Magnúsdóttir
Birta Fróðadóttir
Bjarki Bragason
Bjarni Karlsson
Bjarni Reynarsson
Björk Gunnbjörnsdóttir
Björk Hólm Þorsteinsdóttir
Björn Guðbrandsson
Brynhildur Pálsdóttir
Brynjar Örn Árnason
Búi Bjarmar Aðalsteinsson
Dainius Bendikas
Daníel Karl Björnsson
Einar Hlér Einarsson
Elísabet V Ingvarsdóttir
Elsa Vestmann Kjartansdóttir
Eva Dögg Kristjánsdóttir
Freyja Bergsveinsdóttir
Friðrik Steinn Friðriksson
Frosti Örn Gnarr
Gísli Baldvin Björnsson
Guðmundur Ingi Úlfarsson
Guðrún Eva Mínervudóttir
Guðrún Lilja
Gunnlaugsdóttir
Gunnar Hersveinn
Sigursteinsson
Halldór Eiríksson
Hallur Örn Árnason
Hanna Dís Whitehead
Hannes Rúnar Ó Lárusson
Hildur Björk Yeoman
Hildur Gunnarsdóttir
Hildur Inga Björnsdóttir
Hildur Ýr Ottósdóttir
Hjördís Sóley Sigurðardóttir
Hólmfríður Ósmann
Jónsdóttir
Hrefna Björg Þorsteinsdóttir

Hörður Lárusson
Jette Corrine Jonkers
Jóhannes Þórðarson
Jón Yngvi Jóhannsson
Jónas Valtýsson
Katla Mariudóttir
Kristinn Alexandersson
Kristín Arna Sigurðardóttir
Kristín María Sigþórsdóttir
Kristján Björn Þórðarson
Kristján Eggertsson
Kristján Örn Kjartansson
Laufey Jónsdóttir
Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir
Mads Freund Brunse
Magnea Einarsdóttir
Margrét Harðardóttir
Margrét Pála Ólafsdóttir
Markús Þór Andrésson
Marzia Aricò
Michael Mortensen
Njörður Sigurjónsson
Oddný Jónsdóttir Sen
Ólafur Gíslason
Ólafur Oddsson
Ólafur Páll Torfason
Ólöf Nordal
Ósk Vilhjálmisdóttir
Pétur Hrafn Ármannsson
Ragna Fróðadóttir
Ragnar Freyr Pálsson
Ragnheiður Björk Þórsdóttir
Ragnheiður Gestsdóttir
Ragnheiður Ingunn
Ágústsdóttir
Ragnheiður Kristín Pálsdóttir
Robert Cary-Williams
Samuel Thornton Rees
Sigríður Helga Hauksdóttir
Sigríður M Sigurjónsdóttir
Sigríður Sigurjónsdóttir
Sigríður Sunneva R
Vigfúsdóttir
Sigrún Halla Unnarsdóttir
Sigrún Hanna Þorgrímsdóttir
Sigurður Ármannsson
Sigurður Einar Gylfason
Sigurður Harðarson
Sindri Páll Sigurðsson
Snæfríð Þorsteins
Soffía Dröfn Marteinsdóttir
Stefán Snær Grétarsson
Steindór Guðmundsson
Sveinbjörn Hermann Pálsson

Sveinn Bragason
Tatiana Solovyeva
Terry Adrian Gunnell
Thomas Vailly
Þorvaldur Óttar Guðlaugsson
Þorvaldur Sverrisson
Þórunn Árnadóttir
Þórunn María Jónsdóttir

Fyrirlesarar

Gestagangur vorið 2015

Will Shannon
Richard Murphy
Karl Stocker/Graz
Marzia Aricò
Alan Boldon
Maria Blaisse

Gestagangur haustið 2015

Stefano Rabolli Pansera
John Wood Julian Lindley
Charlotte Weber
Mads Freund Brunse og
Guðmundur Úlfarsson
Móheiður Helga Huldudóttir
Obel
Brendan MacFarlane & Egret
Fraser Muggerridge

Sneiðmynd vorið 2015

Robert Cary Williams
Ármann Agnarsson
KRADS
Lóa Auðunsdóttir
Snæfríð Þorsteinsdóttir

Sneiðmynd haustið 2015

Goddur
Friðrik Steinn
Atli Hilmarsson
Björn Guðbrandsson

Prófdómarar

Deborah Berke, arkitektúr
Michael Kampe, fatahönnun
Lex Pott, vöruhönnun
Nick Robertson, grafísk
hönnun og meistaranámi í
hönnun.

LISTKENNSLUDEILD

Vor 2015

Stundakennarar og gestir í námskeiðum

Arnoddur Magnús Danks
Bjarni Snæbjörnsson
Ellen Gunnarsdóttir
Eygló Harðardóttir
Frímann Sigurðsson
Guðbjörg Arnardóttir
Guðbjörg Daníelsdóttir
Ingimar Ólafsson Waage
Jóna Hlíf Halldórsdóttir
Louise Harris
Marta Hrafnisdóttir
Sigríður Birna Valsdóttir
Símon Örn Birgisson
Sue Gollifer
Þórey Sigþórsdóttir
Þórunn Björnsdóttir

Fyrirlesarar

Jonna Heikkilä
Dr. Rita I. Irwin

Vettvangsnámskennarar

Ásdís Björnsdóttir
Ásta Björg Björgvinsdóttir
Guðrún Erla Geirsdóttir

Guðrún Gísladóttir
Nanna Hlíf Ingvadóttir
Ólafur Schram
Sigríður Birna Valsdóttir
Sigríður Valdimarsdóttir

Haust 2015

Stundakennarar og gestir í námskeiðum

Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson
Aldís Yngvadóttir
Andri Snær Magnason
Ása Hlín Svavarsdóttir
Benedikt Hermann Hermannsson
Berglind María Tómasdóttir
Bjarni Snæbjörnsson
Björgvin Ívar Guðbrandsson
Ellen Gunnarsdóttir
Eva Þórdís Ebenezersdóttir
Frímann Sigurðsson
Guðjón Steingrímur Birgisson
Hafþór Guðjónsson
Helga Arnalds
Hugrún Þorsteinsdóttir
Ingimar Waage
Jarþrúður Þórhallsdóttir

Karólína Stefánsdóttir
Kristín Björnsdóttir
Kristín Bogadóttir
Kristín María Ingimarsdóttir
Margrét Norðdahl
Meyvant Þórolfsson
Ólöf Gerður Sigfúsdóttir
Steinunn Ása Þorvaldsdóttir
Sue Gollifer

Svanborg Matthíasdóttir
Tinna Gunnarsdóttir
Torfi Hjartarson
Úlfhildur Dagsdóttir
Vigdís Másdóttir
Þórunn Dögg Björnsdóttir
Þórey Sigþórsdóttir

Fyrirlesarar

Þórunn Sigurðardóttir

Vettvangsnámskennarar

Bjarni Snæbjörnsson
Bryndís Böðvarsdóttir
Guðrún Ragnarsdóttir
Hildur Ólafsdóttir
Hlín Pétursdóttir Behrens
Hugrún Þorsteinsdóttir

Jóhanna Tryggvadóttir
Lára Stefánsdóttir
Lilja Dögg Gunnarsdóttir
Sari Maarit Cedergren
Sigríður Ólafsdóttir
Þórunn María Jónsdóttir

Allt árið

Leiðbeinendur lokaverkefna

Aldís Yngvadóttir
Arngunnur Sigþórsdóttir
Ása Helga Ragnarsdóttir
Ásthildur Björg Jónsdóttir
Elín Anna Ísaksdóttir
Ellen Gunnarsdóttir
Frímann Sigurðsson
Gunnús Ýr Finnbogadóttir
Hafþór Guðjónsson
Ingimar Waage
Kristín Á. Ólafsdóttir
Kristín Valsdóttir
Vigdís Jakobsdóttir

Prófdómarar

Rósa Gunnarsdóttir



MYNDLISTARDEILD

Stundakennarar, gestir og fyrirlesarar 2015

Áki Ásgeirsson
Alfredo Cramerotti
Ása Helga Hjörleifsdóttir
Ásdís Sif Gunnarsdóttir
Bára Grímsdóttir
Berglind Jóna Hlynsdóttir
Birgir Snæbjörn Birgisson
Birta Guðlaug Guðjónsdóttir
Bjarki Bragason
Bjarni Karlsson
Bryndís H Snæbjörnsdóttir
Búi Bjarmar Aðalsteinsson
Christopher John Foster
Claudia Hausfeld
Daníel Karl Björnsson
Doreen Kutzke
Egill Sæbjörnsson
Einar Garibaldi Eiríksson
Eygló Harðardóttir
Esther Hoareau
Finnbogi Pétursson
Garðar Eyjólfsson
Guðbjörg R Jóhannesdóttir
Guðjón Björn Ketilsson
Guðmundur Ingi Þorvaldsson
Guðmundur Thoroddsen
Guðni Tómasson
Gunnar Árnason
Gunnhildur Hauksdóttir
Gústav Geir Bollason
Halldór Arnar Úlfarsson
Halldór Runólfsson
Hannes Rúnar O Lárusson
Haraldur Jónsson
Heiðar Kári Rannversson
Hildur Bjarnadóttir
Hlynur Hallsson
Hlynur Helgason
Ilmur María Stefánsdóttir
Ingibjörg Magnadóttir
Ingólfur Örn Arnarsson

Ingunn Fjóla Ingbórsdóttir
Ingvar Högni Ragnarsson
Ívar Valgarðsson
Jesper Pedersen
Jón Bergmann Kjartansson
Jón Sverrir Proppé
Karl Ágúst Þorbergsson
Katrín Inga Jónsdóttir
Hjördísardóttir
Kristján Leósson
Lawrence Weiner
Lóa Auðunsdóttir
Magnús Gestsson
Magnús Pálsson
Magnús Tumi Magnússon
Magnús Valur Pálsson
Magnús Þór Þorbergsson
Máni Marteinn Sigfússon
Margrét Blöndal
Margrét Elísabet Ólafsdóttir
Markús Þór Andrésson
Ólafur Gíslason
Olga Soffía Bergmann
Ólöf Jónína Jónsdóttir
Ólöf Nordal
Örn Alexander Ámundason
Páll Ragnar Pálsson
Ragnar Helgi Ólafsson
Ragnar Kjartansson
Ragnheiður Gestsdóttir
Ríkharður H Friðriksson
Sara Björnsdóttir
Sigrún Inga Hrólfsdóttir
Sigurður J Grétarsson
Sindri Snær S Leifsson
Sirra Sigrún Sigurðardóttir
Sjoerd Westbroek
Styrmir Sigurdsson
Timo Menke
Tinna Gunnarsdóttir
Unnar Örn Jónasson
Auðarson
Þóra Sigurðardóttir
Þórdís Aðalsteinsdóttir

Þórunn Maggý Kristjánsdóttir
Þuríður Rúrí Fannberg

Leiðbeinendur lokaritgerða BA

Jóhannes Dagsson
Jón Bergmann Kjartansson
Ransú
Jón Sverrir Proppé
Magnús Gestsson
Margrét Elísabet Ólafsdóttir
Markús Þór Andrésson
Ólafur Gíslason

Prófdómari ritgerða:

Aðalheiður Lilja
Guðmundsdóttir

Leiðbeinendur MA verkefnis

Sýningarhluti:

Berglind Jóna Hlynsdóttir
Olga Bergmann
Birgir Snæbjörn Birgisson
Sigrún Hrólfsdóttir
Hekla Dögg Jónsdóttir
Erling Klingenberg

Ritgerðarhluti:

Bryndís Snæbjörnsdóttir

Prófdómarar útskriftarverkefna

Prófdómari BA
útskriftarverkefna vorið 2015
var Hlynur Hallson

Prófdómari MA
útskriftarverkefna vorið 2015
var Æsa Sigurjónsdóttir

SVIÐSLISTAÐEILD

STUNDAKENNARAR OG GESTIR

Vorönn 2015

Aðalheiður Halldórsdóttir
Alexander Graham Roberts
Anna Margrét Sigurðardóttir
Arndís Benediktsdóttir
Arnoddur Magnús Danks
Árni Rúnar Hlöðversson
Ásgeir Helgi Magnússon
Ásgerður Guðrún Gunnarsdóttir
Bjarni Felix Bjarnason
Bjarni Jónsson
Björgvin Sigurðarson
Guðmundur I. Þorvaldsson
Guðmundur S. Brynjólfsson
Eirún Sigurðardóttir
Eva Signý Berger
Friðgeir Einarsson
Halldóra Geirharðsdóttir
Harpa Arnardóttir
Helena Jónsdóttir
Hrafnhildur Guðmundsdóttir

Ingibjörg Björnsdóttir
Jóhannes Níels Sigurðsson
Karl Ágúst Þorbergsson
Katrín Hall
Kristín Jóhannesdóttir
Kristín Thors
Marta Nordal
Ólafur Egill Egilsson
Pálmi J Sigurhjartarson
Ragnar Bragason
Rebekka Ingimundardóttir
Ragnheiður Skúladóttir
Rúnar Guðbrandsson
Saga Sigurðardóttir
Sesselja Guðmunda Magnúsdóttir
Sigurþór Albert Heimisson
Snædís Lilja Ingaóttir
Sveinn Steinar Benediktsson
Tinna Grétarsdóttir
Trausti Ólafsson
Vala Ómarsdóttir
Valgerður Rúnarsdóttir

Erlendir kennarar og gestir

Helgard Haug
Jozef Frucek
Karol Tyminski
Milla Koistinen
Ria Marks
Stefan Kaegi
Tony Vezich

Hautönn 2015

Anna Margrét Sigurðardóttir
Bjarni Jónsson
Guðrún Svava Kristinsdóttir
Hallur Ingólfsson
Jesper Pedersen
Jón Gnarr
Katrín Gunnarsdóttir
Magnús Þór Þorbergsson
Marta Nordal
Móeiður Helgadóttir
Pálmi J Sigurhjartarson
Ragnar Bragason
Ragnheiður Skúladóttir

Rebekka Ingimundardóttir
Rósa Ómarsdóttir
Rúnar Guðbrandsson
Saga Sigurðardóttir
Stefán Hallur Stefánsson
Tinna Grétarsdóttir
Trausti Ólafsson
Tyrfingur Tyrfingsson
Vigdís Gunnarsdóttir
Vigdís Másdóttir
Þórunn Sigurðardóttir

Erlendir kennarar og gestir

Athanasia Kanellopoulou
Emma Razgoni
Karin Jameson Munte
Leonard Petit
Mariann Buus
Sinead Rushe
Vesta Grabstaite
Yana Ross



TÓNLISTARDEILD

Stundakennarar 2015

Aladár Rácz
Andrés Camilo Ramon Rubiano
Áki Ásgeirsson
Ari Hróðmarsson
Ármann Helgason
Áskell Mátsson
Ásta Arnardóttir
Ástríður Alda Sigurðardóttir (haust)
Bjarni Gunnarsson (vor)
Björk Jónsdóttir
Björn Steinar Sólbergsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Daníel Bjarnason (vor)
Einar Jóhannesson
Einar Sverrir Tryggvason (haust)
Elín Gunnlaugsdóttir
Emil Friðfinnsson
Emilía Rós Sigfúsdóttir
Eva Þyrí Hilmarisdóttir
Franciscus Wilhelmus Aarnink
Guðni Franzson (vor)
Guðný Einarsdóttir (haust)
Guido Baumer
Gunnar Kvaran Hrafnsson
Gunnar Andreas Kristinsson
Hafþís Bjarnadóttir
Halla Steinunn Stefánsdóttir
Hallfríður Ólafsdóttir
Hilmar Jensson
Hilmar Örn Hilmarsson
Hlín Pétursdóttir Behrens
Ingibjörg Björnsdóttir (haust)
Ingibjörg Eyþórsdóttir
Ingi Garðar Erlendsson
Jesper Pedersen
Kári Arnason (vor)
Kjartan Kjartansson (haust)
Kristinn Örn Kristinsson
Kristjana Stefánsdóttir (haust)

Lilja Hjaltadóttir (haust)
Magnús Ragnarsson
Matthías Nardeau
Nils Mikael Lind
Nimrod Ron
Nína Margrét Grímsdóttir
Njörður Sigurjónsson
Ólöf Kolbrún Harðardóttir
Páll Eyjólfsson
Pétur Þ. Benediktsson
Pétur Jónasson
Sif Margrét Tulinius
Sigríður Ella Magnúsdóttir
Sigrún Eðvaldsdóttir
Sigrún Hjálmtýsdóttir
Sigrún Sævarsdóttir Griffiths (haust)
Sigurður Ingvi Snorrason
Snorri Heimisson (vor)
Stefán Hallur Stefánsson
Stefán Ómar Jakobsson (haust)
Svanur Vilbergsson
Vilborg Jónsdóttir
Þorgerður Edda Hall (haust)
Þórður Helgason (vor)
Þórhallur Magnússon (haust)
Þórunn Björnsdóttir (vor)
Þórunn Ósk Marinósdóttir (haust)
Þórunn Sigurðardóttir
Þráinn Hjálmarsson

Leiðbeinendur lokaritgerða
Atli Ingólfsson
Arnar Eggert Thoroddsen
Berglind María Tómasdóttir
Elisabet Indra Ragnarsdóttir
Guðrún Ingimarsdóttir
Hróðmar Ingi Sigurbjörnsson
Kári Arnason
Lilja Úlfarsdóttir
Páll Ragnar Pálsson
Úlfar Ingi Haraldsson

Fyrirlesarar og gestakennarar á masterklössum

Anna Þorvaldsdóttir
Atli Örvarsson
Arngunnur Árnadóttir
Auður Hafsteinsdóttir
Baldvin Kári Sveinbjarnarson
Bergþór Pálsson
Borgar Magnason
Curver Thoroddsen
Gunnhildur Ottósdóttir
Guðríður Th. Sigurðardóttir
Gunnar Kvaran
Halldór Haraldsson
Helgi Rafn Ingvarsson
Kári Halldór Þórsson
Kolbeinn Bjarnason
Kristín Björk Kristjánsdóttir
Marta Hrafnadóttir
Oddi Erlingsson
Sóley Dröfn Davíðsdóttir
Snorri Sigfús Birgisson
Sverrir Guðjónsson

Rita Porfiris
Robert Levin
Robert Šebesta
Ronald Šebesta
Samuel Coles
Scot Weir
Staffan Scheja
Steven Gryc
Ursula Smith
Vladimir Stoupel

Erlendir gestakennarara og fyrirlesarar

Ann Elkjar Gustafson
Barnaby Robson
Christofer Ladd
Guy Wood
Jeff Gavett
Judith Ingólfsson
Julia Mustonen-Dahlkvist
Justin Krawitz
Ken Steen
Kimberley Cannady
Lesley Leytham
Lindsay Vickery
Marie Guilleray
Maurizio Leoni
Natalia Ehwald
Olaf John Laneri
Philip Curtis

VIÐBURÐIR - SÝNINGAR - SAMSTARF



HÖNNUNAR- OG ARKITEKTÚRDEILD

VIÐBURÐIR, SÝNINGAR OG SAMSTARF

Árið 2015

Opnir fyrirlestrar

Hönnunar- og arkitektúrdeild stendur að fjölmörgum fyrirlestrum yfir árið þar sem kennarar og gestir kynna verk sín og hugmyndir. Opnið fyrirlestrahald er mikilvægur liður í starfi deildarinnar til að skapa vettvang miðlunar framsækinnna hugmynda og umræðna. Deildin stóð að kynningu hátt á fjórða tug opinna fyrirlestra á árinu.

Fyrirlestraröðin Sneiðmynd

Í fyrirlestrum Sneiðmynda kynna fastir kennarar og stundakennarar deildarinnar eigin hönnunarverkefni og rannsóknir sínar, eigin hönnunarferli eða áherslum og samstarfsverkefnum. Sex fyrirlestrar voru haldnir um vorið og sex um haustið.

Fyrirlestraröðin Gestagangur

Gestagangur er fyrirlestraröð þar sem gestakennarar og aðrir gestir hönnunar- og arkitektúrdeilda koma og segja frá rannsóknum sínum, eigin hönnunarferli eða áherslum og samstarfsverkefnum. Sex fyrirlestrar voru haldnir um vorið og sex um haustið.

Fyrirlestraröðin Small Talks

Small Talks eru mánaðarlegir fyrirlestrar haldnir í Hörpu og í samstarfi við Hönnunarmiðstöð. Tveir gestir hönnunar- og arkitektúrdeilda héldu erindi í þessari fyrirlestraröð.

LABA, málstofan *Industrial Landscape: A Territorial Constitution for Iceland*

Þriðjudaginn 10. febrúar bauð Listaháskóli Íslands til málstofu um arkitektúr, iðnað og umhverfi.

Viðfangsefni rannsóknarstofunnar LABA við arkitektaskólann í Lausanne (EPFL) var að rannsaka Ísland með áherslu á að skoða þær breyttu aðstæður í umhverfi og iðnaði sem einkenna samtíma okkar. Málstofan leiddi saman aðila frá LÍÚ, Landsvirkjun, Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála á Íslandi, Vatnavina og fleiri aðila.

Hugarflug

Árleg ráðstefna Listaháskólans um rannsóknir og listir, Hugarflug, fór fram 20. febrúar 2015. Ráðstefnan er mikilvægur liður í uppbyggingu þekkingar á fræðasviði lista. Sex kennarar deildarinnar fluttu fyrirlestra um heimspeki, arkitektúr, vöruhönnun, tísku, samfélag og tíðaranda og fl.

VIÐBURÐIR

HönnunarMars

HönnunarMars var haldin í 7. skipti en hátíðin er orðin mikilvægt hreyfiafl í íslensku samfélagi. Alþjóðleg þátttaka eykst með ári hverju og ennfremur er mikil aukning á umfjöllun um viðburði og verk í alþjóðlegum tímaritum og miðlum. Nemendur og kennarar við hönnunar- og arkitektúrdeild tóku þátt í HönnunarMars með ýmsum viðburðum og sýningum, nemendur héldu fjórar sýningar og kennarar tvær. Vöruhönnunarnemendur kynntu verkefnið *Wood-you?* sem unnið var í samstarfi við Skógræktarfélag Reykjavíkur og einnig verkefnið *Vessels / Material & Transformation* sem beindi sjónum að

hönnunarferlinu. Grafískir hönnuðir á 3. ári kynntu nýjustu útgáfu af tímaritinu *Mænu* og annars árs nemendur héldu sýninguna *Þetta sokkar! / This Socks!* Tinna Gunnarsdóttir kynnti verkefni sitt *Áhrif vöruhönnunar í villtri náttúru* sem var hluti af meistara-verkefni við lista- og hugvísindadeild Háskólans í Brighton. Linda B Árnadóttir kynnti nýja veggspjaldalínu *Scintilla* í Galleria Reykjavík. Auk þess tóku fjöldi stundakennara við deildina þátt í sýningarhaldi á Hönnunarmars.

Hæg breytileg átt

Verkefnið *Hæg breytileg átt* á vegum Hönnunarsjóðs Auroru var þróað til að skapa vettvang þverfaglegar vinnu sem leiddi til nýrra hugmynda um vistvænni, samfélagsmeðvitaðri, hagkvæmari og framsæknari íbúðarkosti í íslensku þéttbýli. Listaháskóli Íslands er einn bakhjarla verkefnisins. Afrakstri verkefnisins var miðlað á fjölbreyttan hátt með sýningu, fyrirlestrum og málþingi á HönnunarMars 2015.

Cannibalise modernism - vinnustofa á Gljúfrasteini

Nemendum í hönnun, arkitektúr og myndlist bauðst að taka þátt í vikulangri vinnustofu, *Cannibalise modernism*, sem fjallaði um skjalasafn og safneign Gljúfrasteins, húss skáldsins. Vinnustofan var haldin í samstarfi við Háskóla Íslands og var eitt af markmiðum hennar að leiða saman nemendur úr ólíkum greinum. Thomas Pausz, hönnuð og aðjúnkt við Listaháskóla Ísland stóð að málstofunni.

Hönnunarverðlaun Íslands

Hönnunarverðlaun Íslands voru afhent í nóvember 2015. Listaháskóli Íslands stendur að verðlaununum ásamt Hönnunarmiðstöð Íslands og Hönnunarsafni Íslands. Tilgangur þeirra er að vekja athygli á mikilvægi og gæðum íslenskrar hönnunar og arkitektúrs ásamt því að veita hönnuðum og arkitektum hvatningu og viðurkenningu fyrir vel unnin störf. Fulltrúar Listaháskólans í dómnefnd voru Massimo Santanicchia lector og Katrín María Káradóttir aðjúnkt og fagstjóri í fatahönnun.

Útskriftarsýning MA nemenda

Önnur útskriftarsýning MA nema í hönnun og myndlist við Listaháskólann opnaði 18. apríl í Gerðarsafni, Kópavogi. Átta nemendur úr hönnunar- og arkitektúrdeild lögðu fram verk sín til opinberrar sýningar og MA varnar. Þetta voru þau Arite Fricke, Brynja Þóra guðnadóttir, Droplaug Benediksdóttir, Fiona Mary Cribben, Hjálmar Baldursson, Jiaoni Jiao, Magnús Elvar Jónsson og Yiwei Li. Sýningarstjóri var Sirra Sigrún Sigurðardóttir.

Útskriftarsýning BA nemenda

Útskriftarsýning BA nema í myndlist, hönnun og arkitektúr opnaði við hátíðlega athöfn í Listasafni Reykjavíkur 25. apríl. Fjórutíu og þrjár nemendur úr hönnunar- og arkitektúrdeild sýndu verk sín á sýningunni sem að venju var vel sótt. Huginn Þór Arason og Guðfinna Möll Magnúsdóttir voru sýningarstjórar.

Tískusýning 2. árs nema í fatahönnun

Árleg tískusýning 2. árs nema í fatahönnun fór fram 9. apríl í Hörpu. Þar sýndu tíu nemendur afrakstur sex vikna námskeiðs í fatahönnun undir leiðsögn Katrínar Maríu Káradóttur aðjúnkts og fagstjóra fatahönnunarbrautar Listaháskólans og Lindu Bjargar Árnadóttur lektors. Á tískusýningunni sýndu nemendur fatalínu sem þau hönnuðu frá grunni.

HÖNNUNAR- OG ARKITEKTÚRDEILD

VERÐLAUN

Nýsköpunarsjóður námsmanna

Tvö verkefni sem nemendur hönnunar- og arkitektúrdeildar leiddu í samstarfi við nemendur frá HÍ fengu tilnefningu til nýsköpunarverðlauna Forseta Íslands.

Verkefnið, *Þekkirðu fuglinn?* hlaut nýsköpunarverðlauna Forseta Íslands en höfundar verkefnisins voru Heiðdís Inga Hilmarsdóttir, 2. árs nemi í vöruhönnun, og Birgitta Steingrimsdóttir, nemi í líffræði, við HÍ. *Þekkirðu fuglinn?* var þriggja mánaða rannsóknarverkefni styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna sumarið 2015. Viðfangsefni verkefnisins er af tvennum toga; rannsókn á núverandi þekkingu barna á íslenskum fuglum og í framhaldi af því hönnun og gerð spils um fuglana sem kennarar geta nýtt sem námsgagn í náttúrufræði. Leiðbeinendur þeirra voru: Gunnar Þór Hallgrímsson, dósent í dýrafræði við Háskóla Íslands, Rúna Thors, sjálfstætt starfandi vöruhönnuður og stundakennari við Listaháskóla Íslands, og Valgerður Þórisdóttir, grunnskólakennari í Selásskóla.

Fjögur verkefni voru alls tilnefnd til nýsköpunarverðlauna Forseta Íslands þeirra á meðal var *Innigarður: Heimaræktunarkerfi fyrir kryddjurtir byggt á vatnsgeli unnu úr brúnþörungum*. Verkefnið var unnið af Brynju Þóru Guðnadóttur, nemanda við Listaháskóla Íslands, og Grétari Guðmundssyni, nemanda við Háskóla Íslands, í samstarfi við Matís ohf. Leiðbeinendur voru Ragnheiður I. Þórarinsdóttir, Svinnu, Tinna Gunnarsdóttir, Listaháskóla Íslands, og Gissur Örylgsson, Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Heiðursverðlaun nýsköpunarsjóðs námsmanna voru veitt í fyrsta sinn árið 2015. Verkefnið *Eyðibýli á Íslandi*, hlaut þá viðurkenningu fyrir menningarlegt vægi, varðveislu og nýtingu. Fjögur sumur í röð, árin 2011-2014, fór flokkur háskólanema í arkitektúr, fornleifafræði og fleiri greinum um sveitir og bæi landsins og leitaði uppi yfirgefinn íbúðarhús. Fólst verkefnið í því að skrá íslensk eyðibýli skipulega, meta byggingarnar og ljósmynda. Hringnum var lokað nú í haust með útgáfu síðustu tveggja bindanna í sjö binda bókaröð þar sem er að finna upplýsingar um alls 748 yfirgefin hús. Flestir voru nemarnir BA-nemar í arkitektúr við Listaháskóla Íslands en aðalhvatamenn og rekstraraðilar verkefnisins eru fyrirtækin R3-Ráðgjöf ehf, Gláma-Kím arkitektar og Stapi – jarðfræðistofa.

Íslensku bókmenntaverðlaunin og Edduverðlaun

Meðal verðlauna sem kennarar deildar hlutu á árinu má nefna Íslensku bókmenntaverðlaunin og Edduverðlaun í flokki menningarþátta.

Öldin hennar voru örþættir sýndir vikulega á RÚV í tilefni 100 ára afmælis kosningaréttar og kjörgengis kvenna til Alþingis. Linda Björg Árnadóttir fatahönnuður og lektor við hönnunar- og arkitektúrdeild kom að gerð þáttanna en í innslögum sínum setur hún tísku í samhengi við það sem var í gangi í samfélaginu hverju sinni. *Öldin hennar* hlaut Edduverðlaunin í flokki menningarþátta.

Bryndís Björgvinsdóttir, aðjúnt og fagstjóra í fræðum við hönnunar- og arkitektúrdeild skólans, hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir bók sína *Hafnirfirdingabrandarann* en að auki hefur Bryndís verið veitt barnabókaverðlaun skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur Fjöruverðlaunin fyrir *Hafnirfirdingabrandarann*.

VERKEFNI

Mæna

Mæna, tímarit um grafíska hönnun á Íslandi, var gefið út í 6.

skipti árið 2015. Tímaritið var unnið af útskriftarnemum í grafískri hönnun við Listaháskólann í námskeiðinu Hönnun og samþætting: Veruleiki, og gefið út af hönnunar- og arkitektúrdeild Listaháskóla Íslands í samstarfi við prentsmiðjuna Odda og Gunnar Eggertsson hf. Hönnunarstjórar voru Birna Geirfinnsdóttir, lektor og fagstjóri námsbrautar í grafískri hönnun, og Lóa Auðunsdóttir, aðjúnt í grafískri hönnun. Ritstjórar voru Birna Geirfinnsdóttir og Bryndís Björgvinsdóttir fagstjóri fræðinámskeiða í deildinni. Þema tímaritsins var kerfi (e. systems) og voru kennarar og nemendur ásamt öðrum hönnuðum og fræðimönnum fengnir til að rita greinar blaðsins með þemað að leiðarljósi.

Samstarf við Textílsetrið á Blönduósi

Nemendur á þriðja ári í fatahönnun fóru í námsferð á Textílsetrið á Blönduósi haustið 2015 ásamt Katrínu Káradóttur fagstjóra í fatahönnun. Námsferðin var farin í tengslum við námskeiðið *Rannsókn; Leitin að efninu*, sem samanstendur af efnisrannsóknnum og textíltíraunum. Liður af námsferðinni er að nemendur kynni sér starfsemi fyrirtækja í textíl á Norðvesturlandi s.s. ullarþvottastöð ÍSTEX, Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi og sítunarverkstæðið á Sauðárkróki.

Bíó Paradís

Hönnunar- og arkitektúrdeild hóf samstarf við Bíó Paradís á árinu 2014. Samstarfið hefur verið útfært nánar með sérstöku námskeiði um kvikmyndir þar sem áherslan var meðal annars á birtingarmynd hönnunar og arkitektúrs í tilteknum kvikmyndum. Kennari í námskeiðinu var Oddný Sen og tengiliður Listaháskólans í verkefniinu var Bryndís Björgvinsdóttir, fagstjóri fræðinámskeiða í deildinni.

Stefnumót hönnuða við skógarbændur

Haustið 2015 unnu nemendur í vöruhönnun að verkefni í samstarfi við íslenska skógarbændur. Þetta var þriðja árið sem slíkt samstarf átti sér stað en námskeiðið ber heitið *Stefnumót hönnuða við skógarbændur*. Fyrri verkefniin sem voru *Rendez-wood* (2013) og *Wood You?* (2014) vöktu töluverða athygli í hönnunarheiminum. Haustið 2015 lauk þessari trilogíu samstarfsverkefna með íslenskum skógarbændum með verkefniinu *The Willow Project* og stefnt er að sýningu og útgáfu um verkið á Hönnunarmars. Garðar Eyjólfsson, Tinna Gunnarsdóttir og Friðrik Steinn Friðriksson stundakennari leiða verkefnið.

Unglist

Árlega taka nemendur á 1. ári í grafískri hönnun þátt í samkeppni um að hanna veggspjald fyrir listahátið Unglistar og er afraksturinn sýndur í Gallerí Tukt, Hinu húsinu. *Unglist – Listahátið ungs fólks* er vettvangur fyrir listafólk á aldrinum 16-25 ára til að koma sinni listsköpun á framfæri.

Innsetningar arkitektúrnama í Öskjuhlíðinni

Að venju lýkur fyrsta ári í arkitektúr með því að hanna og byggja innsetningar í Öskjuhlíðina. Í námskeiðinu *Verk: Hönnun, ferli og framkvæmd* læra nemendur að nema stað og magna upp stemningu á þeim stöðum sem unnið er með, með því að hanna og byggja strúktúra sem standa tímabundið í skóglendinu og er aðgengilegt almenningi. Björn Guðbrandsson er kennari námskeiðsins. Verkefnið byggir á reynslu af samstarfi nemenda í byggingartækni-fræði við HR og nemenda í arkitektúr við LHÍ.

Together

Í námskeiðinu *Together* er lögð áhersla á hönnun fyrir félagslega umbreytingu og er hönnunaraðferðum beitt til að

HÖNNUNAR- OG ARKITEKTÚRDEILD

endurskoða hugmyndir um hversdagslífið þvert á einka- og almenningslífi. Í *Together* koma nemendur á 2. ári á BA-stigi í hönnunar- og arkitektúrdeild og 1. árs nemendur í meistaranámi í hönnun sem leiða teymisvinnuna í fimm vikur ár hvert. Ein krafa námskeiðsins er að móta verkefni í samstarfi við utanaðkomandi aðila og koma á breytingum í samhengi við skilgreint vandamál á námskeiðstímanum. Samstarfsaðilar árið 2015 voru Sálfræðideild Háskóla Íslands, Reykjavíkurborg, Toshiki Toma og Rauði Krossinn, Grasagarðurinn í Reykjavík, Náttúrufræðistofnun Íslands, Ferðamálastofa Íslands, Umhverfisstofnun, Rannsóknarmiðstöð Ferðamála, Gagarín, Strætó, og W.O.M.E.N. (Women of Multicultural Ethnicity Network in Iceland).

Dark Matters

Listaháskóli Íslands og Háskóli Íslands stóðu saman að þverfaglegu námskeiði er nefnist *Dark Matters*. Nemendur á 1. ári í hönnun tóku þátt í námskeiðinu ásamt nemendum frá Hugvísindasviði og Verkfræði- og raunvísindasviði HÍ sem stóð yfir í tvær vikur. Námskeiðið var framsækið og tilraunakennt og kannar hvernig megi öðlast nýjan skilning með samtali þvert á þekkingarsvið lista og vísinda.

Á ALPJÓÐLEGUM VETTvangi

Erasmus+

Veittir voru 19 styrkir fyrir kennara og starfsmenn deilda til að fara í kennaraskipti, heimsóknir og kennslu við aðrar stofnanir sem endurspeglar aukinn áhuga á alþjóðlegu samstarfi og samtali.

Mikil aðsókn er að því að komast í skiptinám á allar brautir í hönnunar- og arkitektúrdeild. Líkt og undanfarnir ár koma fleiri nemendur í skiptinám til deildarinnar en þeir sem fara frá okkur í aðra skóla í skiptinám en hlutfallið er 13 / 21. Starfsnámsstyrkir eru vel sóttir af nemendum og hlutu 5 fatahönnunarnemendur, 2 vöruhönnuðir og 1 grafískur hönnuður styrki til starfsnáms.

Nemendaferðir

Rými, staðir, byggingar og umhverfi eru arkífa hönnuðarinnar. Mikilvægur liður í sérhverju hönnunarnámi er að efla læsi á rými og aðstæður sem nýta má í hönnunar- og skapandi umbreytingaferli.

Helsinki og Tallin

Nemendur á þriðja ári af öllum námsbrautum í bakkalárnámi við hönnunar- og arkitektúrdeild fóru í námsferð til Helsinki og Tallin í september 2015. Auk þess að kynna sér og skoða valin söfn, byggingar og umhverfi eru hönnunarskólar og vinnustofur hönnuða heimsóttar. Bryndís Björgvinsdóttir, fagstjóri fræða, og Lóa Auðunsdóttir, aðjúnkt í grafískri hönnun, voru fararstjórar.

Arkitektanemar í Sviss

Sem liður af samstarfi arkitektúrnambsbrautar Listaháskólans og arkitektúrdeildarinnar í Fribourg við École d'Inénierie et d'architecture fara nemendur í arkitektúr í námsferð til Sviss. Nemendur heimsóttu arkitektúrdeildirnar í Fribourg og Lausanne auk þess að kynna sér fjölmargar byggingar í háum gæðaflokki í Basel, Bern, Fribourg og Lausanne. Námsferðin er liður í námskeiðunum Borgarrými og Að byggja borg sem Steinþór Kári Kárasón og Massimo Santanicchia leiða.

Vöruhönnun í Milánó

Vöruhönnunarnemendur undir leiðsögn Garðars Eyjólfssonar fóru á Salone del Mobile í Milánó og kynntu sér það sem efst er á baugi í faginu, en Salone del Mobile er stærsta hönnunarsýning sem um getur í heiminum.

Fatahönnunarnemar í París

Nemendur í fatahönnun fóru í 5 vikna ferð til Parísar í starfsnámi. Nemendur fá starfsþjálfun við helstu tískuhús Parísar við að aðstoða við tískuvikuna. Linda B. Árnadóttir útvegar samningsbundna starfsþjálfun hjá helstu tískuhúsum Parísar. Helstu tískuhúsin sem nemendur fara í starfsþjálfun til eru: Martine Sitbon, Chloé, Girault Totem, Sharon Wauchob, Rue du Mail, Gaspard Yurkewich, Givenchy, Sonia Rykiel, Yaz Bukey, Marc Jacobs, Three as four og Olympia Le Tan.

Þátttaka í alþjóðlegum verkefnum

Traditions and Innovations

Þriggja ára samstarfsverkefni þriggja listaháskóla í CIRRU-netinu hófst í apríl með vinnustofunni *Traditions and Innovations – sustainable use of reindeer in Lapland*. Ásamt Listaháskóla Íslands taka þátt í verkefninu University of Lapland og Estonian Academy of Arts.

Nemendur og kennarar dvöldu meðal annars í Rovaniemi í hinu finnska Laplandi en ferðuðust einnig vítt og breitt um svæðið. Linda Björg Árnadóttir, lektor í fatahönnun, og Tinna Gunnarsdóttir, aðjúnkt í vöruhönnun, fóru utan ásamt nemendum á fyrsta og öðru ári í fatahönnun og í vöruhönnun.

Árið 2016 mun vinnustofa í tengslum við verkefnið fara fram í Eistlandi og árið eftir á Íslandi þar sem einnig verður unnið með dýraafurðir og úrgang sem alla jafna er fargað og kannað hvernig nýta megi slíkar afurðir á nýjan og skapandi hátt. Árið 2017 verður vinnustofan haldin á Íslandi.

Konnect

Lífriki jarðar stafar mikil ógn af þróun loftslagsbreytinga. Hvað þarf að gera til að mæta þessari þróun? Verkefnið *Konnect* stefndi saman nemendum af ólíkum sviðum Listaháskóla Íslands og Háskóla Íslands til að þróa listrænar hugmyndir á forsendum sjálfbærni er varða loftslag og nauðsynlegar umbætur á lífnaðarhættum fólks. Verkefninu var ætlað að varpa ljósi á eitt af mikilvægustu viðfangsefnum samtímans, með það að markmiði að ná viðtækri athygli á málefnum. Þátttakendur voru nemendur á 1. ári í MA námi í hönnun og nemendur á 2. ári í BA námi (vorið 2015) auk nemenda við HÍ. Tinna Gunnarsdóttir var leiðbeinandi LHÍ í verkefninu og mun fylgja verkefninu eftir til Danmerkur árið 2016.

ActSHEN - Action for Sustainability in Higher Education in the Nordic region

Markmið þessa þriggja ára rannsóknarverkefnis er að þróa kennslufræðilegt líkan á háskólastigi með áherslu á virka þátttöku nemenda í þróun námsefnis um sjálfbærni. Markmiðið er að kanna hvernig aðkoma nemenda að stjórnun og þátttöku ásamt aukinni teymisvinnu geti eflt nám í háskólum. Samstarfsaðilar eru menntavísindasvið Háskóla Íslands sem leiðir verkefnið, menntavísindasvið Uppsala University, CEMUS og efnafræðideild University of Helsinki. Sigrún Birgisdóttir, Massimo Santanicchia, Jan van Boeckel og Guðbjörg R. Jóhannesdóttir hafa tekið þátt í verkefninu fyrir hönd hönnunar- og arkitektúrdeilda.

CLEVER – Creative Leadership and Entrepreneurship – Visionary Education Roadmap

CLEVER verkefnið fjallar um kerfislega eflingu skapandi greina í samstarfi háskóla, fyrirtækja og opinberra stofnanna í Ísrael. Markmiðið er efling menntunar í listum til framtíðarleiðtogastarfa í skapandi greinum í Ísrael. Samstarfsaðilar í verkefninu eru Faculty of Arts and

HÖNNUNAR- OG ARKITEKTÚRDEILD

Humanities, University of Brighton, og sprotafyrirtæki í Hollandi, Danmörku og Eistlandi ásamt háskólum í Ísrael. Sigrún Birgisdóttir sótti fund í Tel Aviv í desember.

Sýningar erlendis

Íslensk hönnun á Hönnunarvikunni í Stokkhólmi - We live here

We live here var samvinnuverkefni milli Hönnunarmiðstöðva Íslands og Finnlands um sameiginlegt sýningarhald á hönnun á Stockholm Furniture Fair. Garðar Eyjólfsson, lektor og fagstjóri í vöruhönnun, Tinna Gunnarsdóttir, aðjúnkt í vöruhönnun, og Linda B Árnadóttir, lektor í fatahönnun, sýndu verk á sýningunni.

Dutch Design Week

Garðar Eyjólfsson kynnti eigin verk á *Dutch Design Week*. *Dutch Design Week* er stærsta hönnunarsýning í Norður Evrópu

Design Latitudes – Útskriftarárgangur í meistaranámi í hönnun sýndi í Kanada

Útskriftarnemar úr meistaranámi í hönnun tóku þátt í sýningunni, *Design Latitudes*, við University of Alberta í Kanada. Viðfangsefni sýningarinnar var að kortleggja nýsköpun, áhrif og framtíðarstefnur í hönnunarmenntun norðurlöða. Nemendur kynntu útskriftarverkefni sín. Verkin takast á við alvöru vandamál og áskoranir en endurspeglu jafnframt áhugasvið og þróun hönnuðarins sem einstaklings.

ALÞJÓÐLEG SAMSTARFSNET

CIRRUS

Hönnunar- og arkitektúrdeild er virkur þáttakandi í CIRRUS samstarfsnetinu en aðild að því eiga flest allir háskólar á Norðurlöndum og í Eystrasaltslöndunum sem bjóða upp á nám í hönnun. CIRRUS stendur fyrir sameiginlegum vinnusmiðjum nemenda og kennara og fjármagnar samstarfsverkefni auk þess að vera samráðsvettvangur fyrir stjórnendur í þessum skólum. Sameiginleg málefni eru rædd er varðar nám og kennslu, umhverfi menntunar s.s. tækni- og handverksmenntun og áherslur á rannsóknir á sviði hönnunar og rannsóknartengt nám. Reglulega eru haldnir tveir fundir á ári og var haust- og stjórnarfundur Cirrus samstarfsnets hönnunarháskóla á Norðurlöndunum haldinn

við Listaháskóla Íslands haustið 2015. Yfir 60 manns sóttu fundinn.

The Nordic Academy of Architecture

The Nordic Academy of Architecture (NAA) er samstarfs-net sautján arkitektaskóla á Norðurlöndunum og í Eystrasaltslöndunum. Samstarfsnetið er samráðsvettvangur stjórnenda í arkitektaskólum í þessum löndum og leggur áherslu á að skiptast á skoðunum um stefnumótun og uppbyggingu og þróun náms í arkitektúr, auk þess sem eitt af markmiðum netsins er að efla samstarf milli skóla, sem og nemenda- og kennaraskipti. Síðustu ár hefur verið lögð áhersla á að ræða samstarf á sviði framhaldsnáms og rannsókna. NAA gefur sameiginlega út ritið *Nordic Journal of Architecture*. Vorfundur NAA var haldinn í Rovaniemi og sótti Steinþór Kári Kárason professor og fagstjóri í arkitektúr fundinn. Sigrún Birgisdóttir sótti haustfund NAA í Stokkhólmi í nóvember þar sem áhersla fundarins var á rannsóknir og PHD nám í arkitektúr. Í undirbúningi er að halda vorfund NAA í Reykjavík í lok apríl og er helsta viðfangsefni fundar áherslur í arkitektúrmenntun á Norðurlöndunum.

Cumulus

Cumulus er samstarfsnet hönnunarháskóla um allan heim. Hönnunar- og arkitektúrdeild hefur verið meðlimur í Cumulus frá stofnun deildarinnar. Cumulus samtökin hafa lagt ríka áherslu á að efla tengslanet hönnunarháskóla með ráðstefnuhaldi um rannsóknir og nám í hönnun. Sumarið 2015 sóttu Thomas Pausz og Sigrún Birgisdóttir ráðstefnu Cumulus í Milano og var yfirskrift ráðstefnunnar: „*The virtuous circle*“. Thomas hélt erindið *Substitutions*. Í desember sóttu Sigrún Birgisdóttir og Massimo Santanicchia ráðstefnu Cumulus í Mumbai á Indlandi og var yfirskrift ráðstefnunnar „*A Vision of Sustainability with focus on Water*“. Sigrún flutti erindið *Wellness country Iceland - water as locus* og Massimo flutti erindið *Amphibious living in Iceland* sem var valið í flokk „*Best Paper Awards*“.

EAAE

LHI er aðili að samstarfsneti Evrópskra arkitektaskóla, European Association of Architectural Education (EAAE). Árlig ráðstefna EAAE var haldin í Milano og sótti Sigrún Birgisdóttir ráðstefnuna. Þema ráðstefnunnar var *Education towards 2030*.



VIÐBURÐIR

Vor 2015

Ákall - Sýning í Listasafni Árnesinga

Laugardaginn 24. janúar opnaði sýningin Ákall í Listasafni Árnesinga. Þau verk sem sýnd voru tengjast öll orðræðunni um sjálfbæra þróun og þeim siðferðilegu málefnum sem hún vekur. Verkin eiga það sameiginlegt að vekja upp gagnrýna hugsun sem hvetur áhorfendur til að taka afstöðu til þeirra málefna sem verið er að vinna með hverju sinni og krefur þá jafnvel til þátttöku.

Sýningarstjóri var Ásthildur Björg Jónsdóttir, lektor í listkennsludeild Listaháskóla Íslands. Sýningin er hluti af doktorsrannsókn hennar við Háskólann í Rovaniemi Finlandi og Háskóla Íslands. Í tengslum við sýninguna var öflug fræðsludagskrá í samstarfi við skóla á suðurlandi og nemendur listkennsludeilda.

Doktorsvörn Guðbjargar R. Jóhannesdóttur

Föstudaginn 20. febrúar varði Guðbjörg Rannveig Jóhannesdóttir, kennari við listkennsludeild og hönnunar- og arkitektúrdeild, doktorsritgerð sína Icelandic Landscapes: Beauty and the Aesthetic in Environmental Decision-Making (Íslenskt landslag: fegurð og fagurfræði í ákvarðanatöku um náttúruvernd og nýtingu).

Dr. Rita I. Irwin - gestur listkennsludeilda

Vikuna 1.–8. mars heimsótti Dr. Rita I. Irwin listkennsludeildina í tengslum við fagúttekt deildarinnar.

Hún fundaði með núverandi og fyrrum nemendum, kennurum, starfsfólki og hagaðilum deildarinnar. Einnig flutti hún erindi á málstofu fyrir starfsfólk skólans sem bar heitið; A/r/tography: What does an art education set in motion do.

Jonna Heikkilá - Þverfagleg nálgun og sjálfbær þróun – Opinn fyrirlestur

Þriðjudaginn 21. apríl hélt Jonna Heikkilá fyrirlestur um verkefnið University-Community Cooperation for Local Development: Mbabane Dry Sanitation and Waste Management Project, Swaziland (2014-16). Verkefnið var unnið í samstarfi á milli Global Dry Toilet Association of Finland (GDTF), Turku University of Applied Sciences (TUAS), University of Swaziland (UNISWA), Green Living Movement Swaziland (GLM) og City Council of Mbabane (MBCC).

Málstofur meistaranema

21 nemandi kynntu lokaverkefni sín.

Rannsóknarstofa í listkennslufræðum

Málþing í Listasafni Reykjavíkur 30. maí 2015 <http://lhi.is/event/adgengi-barna-ad-listum-og-listkennslu-rettur-eda-forrettindi>

Sumarnámskeið SLHF Samtök list- og hönnunarkennara á framhaldsstigi

Listkennsludeild í samstarfi við SLHF bauð upp á sumarnámskeið fyrir starfandi kennara þar sem unnið var þvert á allar list- og hönnunargreinar framhaldsskólans, þar sameinaðist sjónræn framsetning og kennsla í gegnum leikmynd, lýsingu, tónlist og hljóð, búninga, rými og gjörninga.

Barnamenningarhátíð

Nemendur listkennsludeilda tóku virkan þátt í Barnamenningarhátíð 2015 með fjölbreyttu móti. Nemendur í kennslufræði sjónlista og tónlistar unnu að samstarfsverkefni við Laugarnesskóla og Grasagarðinn og nemendur úr kennslufræði leiklistar skipulögðu og leiddu námskeið fyrir börn og fjölskyldur á hátíðinni sviðslistahátíð ASSITEJ.

Hvatningarverðlaun Skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur 2015

Laugarnesskóli í samvinnu við listkennsludeild Listaháskóla Íslands og Grasagarðinn hlaut hvatningarverðlaun Skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur 2015 fyrir samstarfsverkefnið (Um)hverfið mitt. Verkefnið sem fer fram í Grasagarði Reykjavíkur á Barnamenningarhátíð byggir á hugmyndafræði grenndarkennslu og menntunar til sjálfbærni með áherslu á val nemenda. Því er ætlað að styrkja og kenna nemendum aðferðir til að virkja eigin hugmyndir í listsköpun. Unnið er út frá ólíku þema sem nemendurnir tengja við eigin reynslu og þekkingu.

Starfsnám Edda Norden á Íslandi

Listkennsludeild er aðili að Edda Norden samstarfsneti háskóla á sviði myndlistarmenntunar á Norðurlöndunum og Eyrstrasaltsríkjunum.

Á vegum Edda Norden komu til lands átta erlendir nemendur sem voru í starfsnámi hjá Nýlistasafninu, Listasafni Árnesinga og Landakotsskóla. Myndlistar-nemendum listkennsludeilda stendur til boða að sækja starfsnám í tengslum við sex norræna skóla.

Haust 2015

Málstofur meistaranema

Þrettán meistaranemar í listkennsludeild kynntu meistaraverkefni sín í maí og sex í janúar.

Human Rights and Visual Art Education – Alþjóðlegt sumarnámskeið

Dagana 17. til 21. ágúst stóð yfir námskeið í listkennsludeild í samstarfi við Edda Norden. 43 nemendur frá Norðurlöndunum og Eyrstrasaltsríkjunum sóttu námskeiðið.

Í námskeiðinu var fjallað um mannréttindakennslu og þau tækifæri sem felast í listum og listkennslu til að auka áherslur á mannréttindi. Skoðaðar voru kenningar í mannréttindakennslu, fjölbreyttar hugmyndir um listkennslu og myndlistarviðburði er leita eftir að auka skilning fólks á mannréttindum. Lokaniðurstöður voru í formi listaverka eða viðburða í almenningsskými.

Rannsóknarstofa í listkennslufræðum – Stofnun vinnuhóps

Vinnuhópur um menntun til sjálfbærni

Nokkrir áhugasamir einstaklingar um menntun til sjálfbærni hittust 9. október á undirbúningsfundi fyrir vinnuhóp sem tilheyrir rannsóknarstofu um listkennslu í listkennsludeild Listaháskóla Íslands.

Ásthildur Jónsdóttir leiðir þennan hóp sem stendur öllum opinn og er ætlaður áhugafólki um listkennslu og menntun til sjálfbærni.

LISTKENNSLUDEILD

Pátttaka á Arctic Circle

Listkennsludeild LHÍ tók þátt í hinna stóru alþjóðlegu ráðstefnu um málefni norðurljóða, *Arctic Circle*, sem fór fram í Hörpu dagana 16. - 18. október.

Framlag deildarinnar var í formi myndlistarsýningarinnar *Boundaries and Bridges: Creating new roles for old traditions*, sýningastjóri var Ásthildur B. Jónsdóttir lektor og fagstjóri kennslufræða sjónlista. Verkin sem valin voru á sýninguna eiga það öll sammerkt að viðhalda og þróa áfram fyrirbyggjandi tækni og efnisþekkingu og vinna með hana á fjölbreyttan hátt í samtímalist. Í tilefni af hundruð ára kosningarafmæli kvenna voru valdar tíu listakonur til þátttöku.

Ásthildur safnaði saman því sjónlistarfólki sem tók þátt í ráðstefnunni og hélt óformlega málstofu. Í umræðunni var velt fyrir sér hvaða erindi sjónlistir ættu á ráðstefnu sem þessa og hvernig sjónlistir gætu komið að þessari ráðstefnu í framtíðinni. Í kjölfarið var stofnaður opinn vinnuhópur sem áhugasamir geta tekið þátt í undir heitinu *Art@ArcticCircle*. Stofnaður hefur verið facebook hópur undir sama heiti. Listkennsludeild stefnir að frekari þátttöku í *Arctic Circle*.

Þórunn Sigurðardóttir – Lærum að leika – ekki

Mánudaginn 16. nóvember hélt Þórunn Sigurðardóttir fyrirlestur á vegum sviðslista- og listkennsludeildar um meistaraverkefni sem hún hefur nýverið lokið við. Í verkefninu fjallaði Þórunn sérstaklega um aðdraganda að stofnun fyrsta ríkisskóla í leiklist, Leiklistarskóla Íslands, sem stofnaður var árið 1975 og síðan að stofnun Listaháskóla Íslands árið 2000. Þá skoðað hún hvernig kennsluáferðir, umhverfi og kennslugreinar hafa breyst á þessu langa tímabili.

SAMSTARFSVERKEFNI

- Samstarfssamningur við Menntavísindasvið HÍ um gagnkvæman aðgang nemenda að námskeiðum
- Samstarfssamningur við Grasagarðinn í Reykjavík
- Samstarfssamningur við Barnameningahátíð
- Samstarfssamningur við ASSITEJ
- Evrópusamstarf um símenntun listamanna (ENCEPA)
- Lifelong Learning in Music and the Arts
- University of Arctic Thematic Network
- Arctic Sustainable Arts and Design (ASAD)
- ActSHEN – Research Network



MYNDLISTARDEILD

OPNIR FYRIRLESTRAR 2015

Á hverju ári heldur fjöldi lista- og fræðimanna erindi um verk sín og hugmyndir. Fyrirlestrunum er ætlað að kynna margþætt álitafni úr heimi lista og samtímameningar og hvetja til umræðu um þau. Fyrirlestrarnir eru mikilvægur þáttur í upplýsingastarfi skólans, ásamt því að vera opinn vettvangur fyrir tengsl nemenda við hugmynda- og reynsluheim starfandi lista- og fræðimanna. Alls voru 13 fyrirlestrar haldnir á skólaárinu 2015.

Vor 2015

Örn Alexander Ámundason, Hafþór Yngvason, Tumi Magnússon, Sjoerd Westbroek, Bjarki Bragason og Sirra Sigrún Sigurðardóttir.

Haust 2015

Nína Magnúsdóttir, Ívar Valgarðsson, Jessica Bushey, Camilla Vuorenmaa, John Zurier, Guðmundur Thoroddsen og Nadim Samman.

SÝNINGAR OG VIÐBURÐIR

Vor 2015

Kveikjuþræðir - sýningarröð meistaranema

Kveikjuþræðir / Spark Plugs er yfirskrift sýningaráðar meistaranema á fyrra ári sem haldnar eru á vorönn í Kubbnum. Sýningarnar voru af ólíkum toga en áttu það sammerkt að vera eins konar kveikjuþræðir og nánari útfærslur af hugmyndum og vinnuferli nemendanna. Í tengslum við hverja sýningu var gefin út sýningarskrá með texta. Umsjón með sýningaröðinni hafði Hulda Stefánsdóttir prófessor og fagstjóri meistaranáms.

- 30. janúar – 6. febrúar: María Dalberg
- 16. – 20. febrúar: Emil Larsen
- 20. – 24. apríl: Veronika Geiger
- 2. – 6. mars: Anne Rombach
- 16. – 20. mars: Ananda Serné
- 27. mars – 10. apríl: Inga María Brynjarsdóttir

Fjöltengi

10 nemendur á 3. ári í myndlist við myndlistardeild Listaháskóla Íslands stóðu fyrir sýningu í Gallerí Ekkisens sem hét *Fjöltengi*.

Yodeleiiioo - Gjörningadagskrá

Vinnusmiðju MA námsbrautar í myndlist lauk með gjörningaviðburði í Listasafni Einars Jónssonar. Unnið var með listform jóðls og söngspuna í myndlist. Kennarar námskeiðsins voru Gunnhildur Hauksdóttir, myndlistarkona og Doreen Kutzke, leik- og söngkona og raddþjálfari og jóðlmeistari.

VÍDJÓGÚRT

Afrakstur fimm vikna vinnu þar sem nemendur í BA námi myndlistardeildar rannsökuðu og unnu með ólíkar nálganir á vídeómiðlinum undir handleiðslu Ragnheiðar Gestsdóttur. Samsýningin fór fram í Mengi.

Myndlist á Norðurslóðum

Þrjár BA nemendur myndlistardeildar, þau Fritz Hendrik Berndsen, Auður Lóa Guðnadóttir og

Andrea Ágústa Aðalsteinsdóttir tóku þátt í samkeppni og samsýningu sem haldin var í Ottawa í Kanada.

Delta Total Islande 2015

Nemendur á meistaranámsbraut í myndlist tóku þátt í *Delta Total* í Verksmiðjunni á Hjalteyri. *Delta Total* er alþjóðlegt samstarfsverkefni nemenda og prófessora frá fimm myndlistarakademíum í Frakklandi, og nemenda frá Myndlistarskólanum á Akureyri. Nemendur MA námsbrautar sem tóku þátt eru: Anne Rombach, Ananda Serné, Emil Larsen, Mathilde Dadeaux (skiptinemi), Veronika Geiger, Zuzana Kleinerova (skiptinemi).

SÝNINGAR OG VIÐBURÐIR

Haust 2015

Námsferð á Feneyjatvíæringinn

Nemendur myndlistardeildar fóru í fylgd Heklu Daggar Jónsdóttur prófessors í fimm daga ferð til Ítalíu, 8. – 12. september.

Aðlögun

Nemendur í námskeiðinu *Rými / vinnustofa* unnu verk á vettvangi Fjölskyldu- og húsdýragarðsins undir handleiðslu Ólafs S. Gíslasonar.

Heimurinn tilheyrir öllum, ekki fáum útvöldum

Samsýningar nemenda á fyrra ári meistaranámsbrautar. í Nýlistasafninu. Um var að ræða samvinnuverkefni LHÍ og Nýló. Nemendur sem tóku þátt: Aimee Odum, Ásgrímur Þórhallsson, Florence So-Yue, Giampaolo Algieri, Ingunn Fjóra Ingbórsdóttir, Jens Michael Mühlhoff, Myrra Leifsdóttir og Ragna Fróðadóttir. Sýningin var unnin undir leiðsögn myndlistarmannanna Elínar Hansdóttur og Ingólfs Arnarssonar.

Einkasýningar 3. árs nema í myndlist

Nemendur á 3. ári voru með einkasýningar undir leiðsögn Heklu Daggar Jónsdóttur. Kennarar voru Unnar Örn Auðarson Jónsson, Sindri Leifsson og Finnþógi Pétursson. Sýnt var í Naflanum, Kubbnum og Skúrnum – samtals 30 sýningar.

Mánudagur 9. nóv. Berglind Erna Tryggvadóttir, Jakob Veigar Sigurðsson og Rúnar Örn Marinósson.

Fimmtudagur 12. nóv. Auður Anna Kristjánsdóttir, Geirþrúður Einarsdóttir og Una Kristín Jónsdóttir.

Mánudagur 16. nóv. Fritz Hendrik Berndsen, Hjálmar Guðmundsson og María Worms Hjartardóttir.

Fimmtudagur 19. nóv. Árni Jónsson, Brynjúlfur Þorsteinsson og Steinunn Harðardóttir.

Mánudagur 23. nóv. Gísli Hrafn Magnússon, Indriði Arnar Ingólfsson og Ottó Ólafur Ottósson.

Fimmtudagur 26. nóv. Egill Logi Jónasson, Mina Tomic og Salvör Sólmes.

Mánudagur 30. nóv. Daníel Perez Eðvarðsson, Eva Hrönn Rúnarsdóttir og Lísbet Guðný Þórarinsdóttir.

MYNDLISTARDEILD

Fimmtudagur 3. des. Gylfi Sigurðsson, Kristín Helga Ríkharðsdóttir og Sara Ósk Rúnarsdóttir.

Mánudagur 7. des. Harpa Finnsdóttir, Helen Svava Helgadóttir og Snædís Malmquist Einarsdóttir.

Fimmtudagur 11. des. Elísabet Birta Sveinsdóttir, Melanie Ubaldo og Tanja Stefanía Rúnarsdóttir.

Gjörningakvöld - The Present is a gift as well

Tíu nemendur á öðru ári í BA námi myndlistardeildar sýndu gjörninga í tengslum við námskeið Heklu Daggar Jónsdóttur, *Tíma*, í Kling og Bang.

List í opinberu rými

Nemendur myndlistardeildar úr námskeiðinu *List í opinberu rými* undir leiðsögn Ólafar Nordal buðu upp á leiðsögn um verk sem urðu til í námskeiðinu í Marshallhúsinu.

Flötur

Níu nemendur í BA námi myndlistardeildar sýndu lokaniðurstöðu vinnu sinnar á námskeiðinu *Flötur* í umsjá Erling T.V. Klingenberg í Kling og Bang.

Jólasýning í Bíó Paradís

Fyrsta árs nemendur í BA námi myndlistardeildar héldu sýningu í Bíó Paradís sem var afrakstur vinnu þeirra á haustönn.

Við mokuðum tröppurnar

Tíu nemendur á öðru ári í BA námi myndlistardeildar sem sóttu námskeið í umsjá Heklu Daggar Jónsdóttur, *Tími*, sýndu afrakstur vinnu sinnar á sýningunni *Við mokuðum tröppurnar* í Listasafni Einars Jónssonar.

Lets the flavour flow

Nemendur í MA námi myndlistardeildar opnuðu samsýninguna *Lets the flavour flow* með verkum sem unnin voru á haustmisseri. Eftirfarandi nemendur tóku þátt í sýningunni sem haldin var í gamla húsnæði Kling og Bang; María Dalberg, Veronika Geiger, Florence So-Yue Lam, Emil Larsen, Jens Mühlhoff, Claire Paugam, Anne Rombach, Ananda Serné og Inga Maria Brynjarsdóttir.

Kaffistofan, nemendagallerí

Nemendafélag myndlistardeildar rak gallerí að Hverfisgötu 42b. Nemendur sáu sjálfir um að skipuleggja þar sýningar og viðburði. Haldnar voru nokkrar sýningar á árinu en Kaffistofan lokaði haustið 2015 og verið er að leita að nýju húsnæði fyrir starfsemi.

Jónasveinagjörningur

Draumastaða – um hið andlega í listinni

Rými, fyrsta ár

Sögulegur atburður

Claire Mathilde Zuzana

Pink Street Boys

20 x 40 x 55 cm

Ladyboy records

Útskriftarsýning BA nemenda

Eins og undanfarin ár voru myndlistardeild og hönnunar- og arkitektúrdeild í samvinnu við Listasafn Reykjavíkur um framkvæmd útskriftarsýningar sem fór fram í Hafnarhúsi dagana 25. apríl – 10. maí 2015. Nemendur myndlistardeildar sem tóku þátt í sýningunni að þessu sinni voru 21.

Útskriftarsýning MA nemenda í hönnun og myndlist

Útskriftarsýning meistaranema í hönnun og myndlist var haldin í Gerðarsafni, Kópavogi dagana 18. apríl - 10. maí. Á sýningunni mátti sjá afrakstur tveggja ára háskólanáms á meistarastigi þar sem hönnuðir og myndlistarmenn fengu tækifæri til að efla þekkingu og þróa rannsóknir sínar á viðkomandi fagsviðum. Fjórtán nemendur tóku þátt í sýningunni; átta í hönnun og sex í myndlist.

RANNSÓKNAR- OG SAMSTARFSVERKEFNI

Stór hluti náms við Listaháskólann byggir á þátttöku í listrænu starfi og hefur myndlistardeild fengið til liðs við sig einkaaðila, stofnanir og fyrirtæki sem með einum eða öðrum hætti tengjast skólasterfinu. Myndlistardeild leggur áherslu á að efla samvinnu við aðra háskóla og stofnanir. Þar er fyrst og fremst um að ræða samstarf um ákveðin námskeið en einnig samvinnu á breiðari grundvelli.

Samstarfsaðilar myndlistardeildar 2015

Háskóli Íslands, Listahátíð í Reykjavík, Listasafn Reykjavíkur, Listasafn Einars Jónssonar, Sendiráð Bandaríkjanna, Nýlistasafnið, Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar, Menningarmiðstöðin Skaftfell, Listasafn Íslands, Samband íslenskra myndlistarmanna, Háskóli Íslands, Listfræðafélag Íslands, Listasafn Kópavogs – Gerðarsafn, Kling og Bang Gallerí, Dieter Roth Akademían, Íslenska málstöð, Tæknimínjasafns Austurlands, Sequences myndlistarhátíð, Gallerí i8, Verksmiðjan á Hjalteyri, ofl.

Vinnustofan Seyðisfjörður

Samstarfsverkefni við menningarmiðstöðina Skaftfell á Seyðisfirði, Dieter Roth akademíuna og Tæknimínjasafn Austurlands. Nemendur á 3. ári dvelja á Seyðisfirði í u.þ.b. þrjár vikur þar sem þau taka þátt í vinnustofu. Lögð er áhersla á að nemendur geti nýtt sér þær sérstöku aðstæður sem bærinn og umhverfi hans býður upp á. Vinnustofunni lýkur með opinberri sýningu á verkum nemenda í menningarmiðstöðinni Skaftfelli. Verkefnið hefur verið haldið árlega síðastliðin 12 ár. Ekki var farið til Seyðisfjarðar árið 2015.

Vinnusmiðja MA nema á Hjalteyri

Nemendur á fyrra ári meistaranámsbrautar tóku þátt í tveggja vikna vinnusmiðju á Hjalteyri á vordögum. Vinnusmiðjan var rekin í samstarfi við staðarhaldara Verksmiðjunnar, myndlistarmanninn Guðstaf Geir Bollason, með þátttöku listaháskóla í Nantes, Rouen og Le Havre í Frakklandi og Myndlistarskólans á Akureyri. Sex MA nemendur tóku þátt í verkefninu sem lauk með sýningarhaldi á Hjalteyri, Siglufirði og í Hrísey í maí. Fyrirhugað er áframhaldandi samstarf um árlega vinnusmiðju meistaranámsbrautar norðan heiða, og þá í samstarfi við Beaux-Arts listaháskólann í París.

MYNDLISTARDEILD

Sýningarverkefni vorsins 2015, sem nefnist Delta Total og var sett á laggirnar af myndlistarmanninum og prófessor við Le Havre, Sebastien Monroe, verður sett upp í Palais de Tokyo í París nú í apríl, með þátttöku eins meistaranema námsbrautarinnar.

Umræðuþræðir

Umræðuþræðir er samstarfsverkefni Listasafns Reykjavíkur, Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar og myndlistardeildar Listaháskóla Íslands sem hófst árið 2011. Markmið verkefnisins er að skapa vettvang héraðs fyrir alþjóðleg tengsl og umræður með erlendum gestum út frá fyrirlesturum, kynningum á listamönnum og kennslu við myndlistardeild. Gestirnir eru virtir sýningarstjórar, fræði- og listamenn sem eiga merkan feril að baki á alþjóðlegum vettvangi. Aðalstyrktaraðili Umræðuþræða skólaárið 2015 var Bandaríska sendiráðið á Íslandi ásamt Goethe Institute.

Diedrich Diederichsen og Mary Jane Jacob voru gestir umræðuþræða vorið 2015.

Íslensk samtímalistfræði

Íslensk samtímalistfræði er langtímarannsóknarverkefni þar sem unnið er að söfnun, skráningu og greiningu íslenskra skrifa um myndlist frá síðustu áratugum. Markmiðið er að búa til heildaryfirlit yfir sviðið, greina orðræðuna og fræðilegt samhengi hennar, opna aðgang að leit í gagnagrunni, og undirbúa útgáfu á vandlega rýndum ritsöfnum með inngangstextum sem gera grein fyrir þróun og samhengi textanna. Að verkefninu hafa komið bæði fræðimenn og nemendur frá Listaháskóla Íslands og Háskóla Íslands en auk háskólanna standa Listasafn Reykjavíkur, Listasafn Íslands, Nýlistasafnið og Listfræðafélagið sameiginlega að verkefninu. Umsjónarmenn verkefnisins eru Aðalheiður L. Guðmundsdóttir, fagstjóri fræðigreina við myndlistardeild og Jón Proppé, listheimspekingur.

SAMSTARF MILLI DEILDA SKÓLANS

Samstarf milli deilda í BA og MA námi hefur farið vaxandi og byggist á margþættri starfsemi ólíkra listgreina. Fyrst og fremst er þar um að ræða ýmis konar fræðanámskeið.

Fjöldmörg verkefni og viðburðir innan skólans krefjast samvinnu nemenda og kennara þvert yfir listgreinar og deildir.

Samtal

Samtal er tveggja vikna samfelld þverfaglegt námskeið fyrir nemendur 2. árs á bakkalárstigi í öllum deildum sem haldið er árlega við upphaf vorannar. Námskeiðið hefur að markmiði að efla samstarf deildanna og tengja nemendur skólans betur saman. Samtal var í höndum hönnunar- og arkitektúrdeildar í janúar 2015. Sjálfbærni var þema Samtals 2015.

Raflosti

Raflosti er þverfaglegt námskeið haldið í tengslum við alþjóðlegu raflistahátíðina, Rafflost, sem haldin árlega af Raflistafélagi Íslands í samvinnu við myndlistar- og tónlistardeild og erlenda listaháskóla. Íslenskir og erlendir nemendur taka þátt í verkefnum og sýningu. Verkefnið er styrkt af Norplus, menntaáætlun Norrænu Ráðherranefndarinnar. Umsjón með námskeiðinu vorið 2015 hafði Áki Ásgeirsson.

Deila

Deila er sameiginleg smíðja meistaranema í hönnun, tónlist og myndlist við Listaháskólann þar sem tekist er á við rými sköpunar með margvíslegum hætti. Leitast er við að samþætta listsköpun og fræði í völdum viðfangsefnum er lúta að skapandi hugsun í samtímanum. Gestakennarar halda fyrirlestra og kynningar á sértækum málefnum sem síðan eru greind og rædd sameiginlega meðal nemenda og kennara. Viðfangsefni Deilu á haustmíssi 2015 var móðernisminn. Umsjón með vinnusmiðjunni var í höndum myndlistardeildar.

ALÞJÓÐASAMSKIPTI

Myndlistardeild tekur þátt í kennaraskiptum milli skóla á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjum og víðar í Evrópu í gegnum samstarfsnet KUNO og Erasmus / Sókrates menntaáætlunina. Þá á deildin þess kost að sækja gestakennara frá Bandaríkjunum í gegnum styrktarkerfi Fulbright.

Hulda Stefánsdóttir, prófessor og fagstjóri meistaranámsbrautar hefur setið í stjórn KUNO samstarfsnets 17 myndlistarháskóla á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjum frá hausti 2012 og verið formaður stjórnar frá hausti 2014. Stýrði hún ársfundi og kennararáðstefnu samtakanna í Riga, Lettlandi, 16. - 18. október 2015.

Kennaraskipti

Kennarar til deildarinnar

Vor 2015

Harri Laakso, Professor Dr. Director of Visual Culture and Contemporary Art MA program, Aalto University, Helsinki, Finland.

Alison Dalwood og Michael Wright, senior lecturers, University of Hertfordshire, England.

Haut 2015

Ekki voru kennaraskipti á haustmíssi.

Kennarar frá deildinni

Vor 2015

Hulda Stefánsdóttir, prófessor og fagstjóri meistaranámsbrautar heimsótti meistaranámsbraut myndlistardeildar Aalto háskólans í Helsinki.

Haut 2015

Huldu Stefánsdóttur, prófessor og fagstjóra meistaranámsbrautar var boðið til stefnumótunarfundar Rejmyre Art Lab í Svíþjóð.

Skiptinám / starfsnám 2015

Alls fóru 14 nemendur frá myndlist í starfsnám að loknu námi við deildina.

SVIÐSLISTADEILD

SÝNINGAR OG VIÐBURÐIR

Tíu sýningar og verkefni voru kynnt opinberlega undir hatti Opinberar sýningar og viðburðir 2015

VOR 2015

Sviðslistamaðurinn sem rannsakandi

Umræðukvöldaröð. Sölvhóll, Smiðjan.

Einstaklingsverkefni dansara 3. ár

Tunglið, Smiðjan

Einstaklingsverkefni sviðshöfunda 2. ár

Smiðjan, Skuggi, Sölvhólgata.

Shakespeare

Undir stjórn Stefáns Jónssonar Leikarabraut 2. ár. Stúdíó á Sölvhólgötu.

Dansmyndir

Samtímadans 2. ár. Bíó Paradís.

Sviðsetning hins persónulega

Sviðshöfundabraut 2. ár. Dómhúsið (Þjóðleikhúsið).

Að eilífu

Útskriftarverkefni leikara eftir Árna Íbsen í leikstjórn Stefáns Jónssonar. Smiðjan.

Útskriftarverkefni samtímadansara

A life in Muscle eftir Tony Vezich og *Private Pussy* eftir Steinunn Ketilsdóttir og Sveinbjörgu Þórhallsdóttir.

Sýnt var í Gamla Bíói.

Útskriftarverkefni sviðshöfunda:

Baráttan heldur áfram

Klassapírur

Veðurfregnir héðan og þaðan

Fíftí/fíftí

Mæja 's Theory

Kvikasilfur hafsins, Handan

Nadian okkar

Smiðjan, Kúlan, Alnetið, Landspítalinn Landakoti, Þjóðleikhúskjallarinn, Hjálpræðisherinn.

HAUST 2015

Í leit að fortíð eftir Jean Anouilh

3.árs leikaranemar undir stjórn Lenard Petit. Smiðjan.

Senuvinna 3. árs sviðshöfunda

Skuggi

Hádegistónleikar Kórs sviðslistadeildar

Kórstjóri: Gunnar Ben. Sölvhólgata

Málstofa

Þórunn Sigurðardóttir um sögu leiklistarkennslu á Íslandi

Málstofa

Athanasia Kanellopoulou um listferil sinn og aðferðir.

Samsköpunarverk undir stjórn Ragnars Bragasonar

3. árs leikaranemar

Einstaklingsverkefni sviðshöfunda 3.ár

Smiðjan

Jólatónleikar Kórs sviðslistadeildar

Sölvhóll

Kurt Weill leikhústónleikar

3. árs leikaranemar í samvinnu við tónlistardeild LHÍ. Undirleikur og hljómsveitarstjórn: Kjartan Valdemarsson, Söngstjóri: Björk Jónsdóttir, Leikstjóri: Stefán Jónsson. Smiðjan

SAMSTARF

Lokal & RDF – sýningar og starfsnám

Þrjú verk voru sýnd í Smiðjunni, leikhúsrými deildarinnar á Sölvhólgötu og eitt í Tunglinu í húsnæði deildarinnar við Austurstræti á alþjóðlegu leiklistarháttíðunum *Lokal* og *Reykjavík Dance Festival* sem fram fóru í ágúst 2015. Þriðja árs nemendur deildarinnar voru starfsnemar á háttíðunum.

Formlegur samstarfssamningur á milli þessara aðila var undirritaður á árinu en hann felur í sér að sýningar háttíðanna í leikhúsi sviðslistadeildar, Smiðjunni og starfsnám nemenda.

Fagfélög sviðslistadeildar – umræðukvöld um sviðslistarannsóknir

Haldin voru þrjú umræðukvöld um rannsóknir í sviðslistum í samstarfi við fagfélög sviðslista; FLÍ, FÍL, FÍLD, FLH, FLB. Umræðukvöldin fóru fram í húsnæði sviðslistadeildar undir titlinum Sviðslistamaðurinn sem rannsakandi.

Þjóðleikhús – sýningar, æfingar og kennsla

Útskriftarnemendur sviðshöfundabrautar sýndu lokaverkefni í Kúlunni og Þjóðleikhúskjallaranum. Einnig hafði deildin aðgang að æfingahúsnæði Þjóðleikhússins í Dómhúsinu við Lindagötu fyrir kennslu, æfingar og sýningahald.

ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

Nortear (samstarfsnet leiklistarskóla á Norðurlöndum og Eystrasaltslöndunum) LHÍ bauð uppá námskeið með þátttöku erlendra gestanemenda og sendi nemendur á námskeið um Norðurlönd og Eystrasaltslöndin.

Sviðslistadeild tekur þátt í Nordplus verkefninu *ECA Explorations and Collaborations in the Art* sem býður uppá námskeið þvert á listgreinarnar.

SVIÐSLISTAEILD

Dansbrautin er hluti af norrænu samstarfsnetinu DAMA sem er virkt net sem sérhæfir sig í tengslum dansins við aðrar listgreinar.

TNT

Sviðslistadeildin er þátttakandi í *Theatre and New Technology* sem er rannsóknarverkefni sem er ætlað að kortleggja, rannsaka og deila þekkingu um notkun nýmiðla innan sviðslistanna. Aðrir þátttakendur í verkefninu eru Ríksteatern í Svíþjóð, Teater Faar, Danmörk, Þjóðleikhús Sama, rannsóknarstofnun sviðslista hjá Tampere University og sjónvarpsdeild Kvikmyndaskólans í Lillehammer. Verkefnið býður uppá námskeið og málstofur fyrir tæknifólk, listamenn og nemendur þessara stofnana.

National School of Drama

Sviðslistadeild og NSD í Nýju Delí á Indlandi standa fyrir nemenda og kennaraskiptum.

Ecoles des Ecoles

Ecoles des Ecoles er evrópsk net leiklistarskóla sem beinir sjónum að kennslu og þróun kennsluaðferða innan sviðslista. Deildarforseti og kennara sóttu námskeið Ecoles des Ecoles í Kaupmannahöfn vorið 2015.



TÓNLEIKAR OG VIÐBURÐIR

Vor 2015

Ungir Einleikarar

Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands með sigurvegum *Ungra einleikara* fóru fram í janúar. Fjórir nemendur á bakkalárstigi stigu á svið með hljómsveitinni. Það voru þau Baldvin Oddsson trompetleikari, Steiney Sigurðardóttir sellóleikari og tveir píanómendur úr tónlistardeild LHÍ, þær Erna Vala Arnardóttir og Lilja Ásmundsdóttir.

Ómkvörnin

Tónlistarhátíð tónsmíðanema, er haldin tvisvar sinnum á hverri vorönn; í janúar og maí. Í janúar 2015 samanstóð hátíðin af þrennum tónleikum þar sem frumflutt voru verk tónsmíðanema deildarinnar og maí var aftur blásið til leiks og þá með fernum tónleikum.

Heimsókn frá Hartt School of Music

Í samvinnu tónlistardeildar við *Myrka músíkdaga* kom kammersveitin Foot in the Door frá Hartt School of Music í heimsókn í janúarlök. Hún er að mestu skipuð hljóðfæraleikurum á meistarastigi og kennurum úr skólanum. Kammersveitin hélt tónleika með íslenskum og erlendum verkum á Myrkum músíkdögum, æfði og hljóðritaði nokkur ófullgerð tónverk nemenda tónsmíðabrautar og kennarar frá Hartt School héldu masterklassa fyrir hljóðfæranema og fyrirlestra fyrir tónsmíðanema.

Tónleikar í Hallgrímskirkju

Tónlistardeild hélt tvö tónleika í Hallgrímskirkju í samstarfi við listvinafélag kirkjunnar. Á tónleikum í febrúarlök var áherslan lögð á hljóðfæratónlist, en á þeim síðari í aprílmánuði var kór tónlistardeildar í forgrunni.

Málþing

Í mars stóð tónlistardeild fyrir málþingi um framtíð tónlistarmenntunar undir yfirskriftinni *Framtíð tónlistarmenntunar; hvert viljum við stefna?* Frummælendur voru sjö talsins og ræddu viðfangsefnið út frá fjölbreyttum sjónarhornum. Málþingið var vel sótt og vel heppnað að öllu leyti.

Vortónleikar

Hinir hefðbundnu vortónleikar tónlistardeildar fóru flestir fram í Safnahúsinu við Hverfisgötu. Alls voru haldnir níu tónleikar þar sem nemendur tónlistardeildar fluttu fjölbreytta tónlist.

Útskriftarviðburðir

Stærstu viðburðir deildarinnar eru hinir árlegu útskriftar-tónleikar og aðrir útskriftarviðburðir. Að þessu sinni voru útskriftartónleikarnir tólf auk fimm útskriftarviðburða hjá nemendum í Skapandi tónlistarmiðlun og meistaranemum úr Sköpun, miðlun og frumkvöðlastarfi. Átta af þessum viðburðum fóru fram í Salnum í Kópavogi.

Haust 2015

Styrktarsjóður Halldórs Hansen

Styrktarsjóður Halldórs Hansen (1927-2003), sem hefur það meginhlutverk að styðja við og efla tónlistarbókasafn Listaháskólans, stóð að venju fyrir verðlaunaafhendingu til nýútskrifaðra nemenda. Athöfnin var einkar hátíðleg og var sjónum beint að tónskáldinu Jóni Nordal, en Jón og Halldór voru vinir frá barnæsku. Að þessu sinni hlutu tveir nemendur styrk að upphæð 600.000 kr. Það voru þau

David Ólafsson, barítónsöngvari og Steiney Sigurðardóttir, sellóleikari.

Ungir einleikarar

Samkeppnin um að koma fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands var haldin í byrjun nóvember þátttakendur voru tólf og valdi fjölskipuð dómnefnd fjóra sigurvegara til að koma fram með hljómsveitinni í janúar 2016. Þeir voru: Heiðdís Hanna Sigurðardóttir söngkona og Sigríður Hjördís Indriðadóttir flautuleikari. Þær eru báðar nemendur tónlistardeildar. Aðrir sigurvegarar voru þeir Ragnar Jónsson sellóleikari og Jónas Á. Ásgeirsson harmonikkuleikari sem báðir stunda bakkalárnám sitt erlendis.

Hausttónleikar

Hausttónleikar tónlistardeildar fóru fram í Safnahúsinu við Hverfisgötu og Hallgrímskirkju. Alls voru haldnir tólf tónleikar þar sem nemendur tónlistardeildar fluttu fjölbreytta tónlist.

Arctic Circle í Hörpu

Tónlistardeild LHÍ tók þátt í málstofu sem bar yfirskriftina „Arctic Traditional Music and Cultural Integrity“. Var Þorbjörg Daphne Hall lektor og fagstjóri fræða einn frummælenda.

ÚR SKÓLASTARFINU

Masterklassar

Viðamikill þáttur í starfi deildarinnar eru masterklassar. Masterklassar hljóðfæra og söngs eru opnir öllum til áheyrnar. Stefna deildarinnar er að auka aðgengi nemenda annarra skóla að masterklössunum, því það er mikilvæg leið til að kynna deildina fyrir væntanlegum umsækjendum í hljóðfæraleik og söng. Masterklassar urðu samtals 91, 43 á vorönn og 48 á haustönn.

Á árinu var tekin upp sú nýbreytin að bjóða upp á svokallaða tónleikamasterklassa. Þar komu saman nemendur á mörg hljóðfæri og í söng og nutu leiðsagnar nokkurra kennara, utan skóla sem innan. Alls voru haldnir fimm tónleikamasterklassar á árinu.

Opnir fyrirlestrar

Í fyrirlestraröð tónlistardeildar kynntu kennarar tónlistardeildar og gestir eigin verkefni, rannsóknir og/eða listsköpun og ræddu um tengsl þeirra við kennslu, listir eða samfélagið almennt. Opnir fyrirlestrar deildarinnar voru níu. Masterklassar tónsmíða skiptust í opna fyrirlestra og málstofur þar sem nemendur ræða eigin verk. Þessir viðburðir voru alls 15 talsins níu á vorönn og sex á haustönn.

Rannsóknarverkefni nemenda

Tónlist 20. og 21. aldar

Haldið var áfram með rannsóknarefni tónlistardeildar á tónlist frumkvöðla módernismans á Íslandi á árinu 2015 og að þessu sinni var áherslan á tónlist Jóns Nordal. Tveir nemendur hlutu styrk úr styrktarsjóði Halldórs Hansens til skráningar og flokkunar á verkum Jóns, jafnframt sem þeir tóku viðtöl við tónskáldið. Verkefnisstjóri er Hróðmar I. Sigurbjörnsson, lektor og fagstjóri tónsmíða og tónfræðagreina við LHÍ. Hróðmar fékk einnig samfélagsstyrk Landsbankans í desember 2015 til að sinna verkefninu.

Hugmyndir um íslenskan hljóðheim

Þrír nemendur fengu laun frá Nýsköpunarsjóði náms-

TÓNLISTARDEILD

manna í þrjá mánuði til að þróa nýja aðferðafræði, halda vinnusmiðjur og vinna tónverk sem rannsaka hugmyndir um íslenskan hljóðheim úr niðurstöðunum. Leiðbeinendur voru Þorbjörg Daphne Hall lektor og fagstjóri fræða og Gunnar Benediktsson fagstjóri skapandi tónlistarmiðlunar.

Rannsóknarstofa í tónlist (RÍT)

Í maímánuði hélt Rannsóknarstofa í tónlist kynningarfund þar sem kynnt var fyrirhuguð starfsemi rannsóknarstofunnar, helstu áherslur og markmið. RÍT styður við rannsóknarverkefni deildarinnar og skapar vettvang til miðlunar. Stofan leggur áherslu á fjölbreyttar aðferðir og nálganir á rannsóknum og skipuleggur ráðstefnur, málþing, málstofur og vinnusmiðjur í samstarfi við margvíslegar stofnanir, hópa og einstaklinga innanlands og utan. RÍT hélt á haustmánuðum málstofu þar sem nokkur tónskáld fjölluðu um nálgun sína á tilraunahljóðfærinu „Halldórófón“ sem Halldór Úlfarsson myndlistarmaður og hönnuður hefur smíðað og þróað.

Samstarf milli deilda

Samstarf milli deilda var á hefðbundnum notum hvað varðar fræðanámskeið og önnur námskeið sem eru opin öllum nemendum og þeir sækja að eigin vali. Mörg námskeið og samstarfsverkefni eru í boði fyrir nemendur allra deilda. Samstarfið var hvað mest við sviðslistadeild, en návígi þessara deilda skapar tækifæri til náins samstarfs og verkefnið verða til jafnt inni á kennarastofu og meðal nemendanna sjálfra. Þau samstarfsverkefni sem spröttið hafa upp úr nábyli nemenda þessara tveggja deilda er ein besta birtingarmynd þess hve nauðsynlegt er að skólinn komist allur undir eitt þak. Af helstu verkefnum má nefna kabarettýningu með tónlist eftir Kurt Weill. Sýningin var endapunktur lokaáfangna leikaranema í söng, en nemandi úr tónsmíðabraut ásamt hljóðfæraleikurum deildarinnar sáu um útsetningar og hljóðfæraleik. Að auki var útskriftarverk eins nemanda á tónsmíðabraut tónlist við útskriftarsýningu samtímadansbrautar. Þetta er gríðarlega mikilvægt fyrir alla nemendur og af þessu hlýst ómetanleg reyningu sem nemendur búa að og opnar þeim margar nýjar leiðir þegar vel tekst til. Samstarf við myndlistardeild er einnig þó nokkuð, sérstaklega hjá tónsmíðanemendum. Stefnt er að því að auka formlegt samstarf deildanna en fjölmargir snertifletir fyrirfinnast, sérstaklega á sviði nýrra listmiðla, raf- og tölvutónlistar.

INNLENT SAMSTARF

Salurinn í Kópavogi

Í desember 2013 var undirritaður samningur við Salinn í Kópavogi þess efnis að útskriftartónleikar deildarinnar fari þar fram næstu þrjú árin. Samningurinn er mikil lyftistöng fyrir starf deildarinnar og gerir útskriftarnemendum nú mögulegt að undirbúa tónleika sína í afar faglegu umhverfi. Af 17 útskriftarviðburðum tónlistardeildar á vorönn fóru átta þeirra fram í Salnum.

Samstarf við Safnahúsið á Hverfisgötu og Hörpu

Á starfsárinu fóru vor- og hausttónleikar nemenda að mestu fram í Safnahúsinu. Tónlistardeild leigði svo tvö æfingaherbergi í Hörpu fyrir nemendur sína vegna fjölgunar hljóðfæranema á haustönn og er sá leigusamningur til eins árs. Nemendur tónsmíðabrautar héldu sína tónleika í Kaldalóni Hörpu að venju.

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Frá upphafi hefur deildin verið í góðu samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Íslands. Á liðnu ári var þetta samstarf

eft og formgert og lýtur nú, auk einleikarakeppninnar, að þátttöku strengjanemenda á æfingum sveitarinnar í tengslum við námskeið í hljómsveitarleik, þátttöku meistaranema tónskáldasmiðjunni Yrkju og samstarfi um gestafyrirlesara og kennara. Að auki var formgert samkomulag um heimsóknir nemenda á æfingar SÍ og nemendaafslátt að tónleikum hljómsveitarinnar. Í apríl voru um 30 nemendur tónlistardeildar í hópi flytjenda í þátttökuverki Alvins Curran, Beams, á tónlistarhátíðinni Tectonics sem Sinfóníuhljómsveit Íslands stendur fyrir.

Ísafjörður

Frá upphafi hefur tónlistardeildin átt mjög gott samstarf við Ísafjörð, en það samstarf var formgert þegar deildin varð aðili að samevrópska meistaranáminu, Sköpun, miðlun og frumkvöðlastarf, NAIP. Að venju fóru fyrsta árs nemendur í vikulanga ferð til Ísafjarðar, þar sem unnið var að tónlistarverkefnum með nemendum Tónlistarskóla Ísafjarðar. Skólinn tekur virkan þátt í verkefnum og opnar húsnæði sitt og alla aðstöðu fyrir nemendum og kennurum Listaháskólans.

Sumartónleikar í Skálholtskirkju

Samstarf milli tónlistardeildar og Sumartónleika í Skálholtskirkju hefur verið starfrækt undanfarin ár en í ár tók Tryggvi M. Baldvinsson, deildarforseti sæti í stjórn Sumartónleika í Skálholtskirkju fyrir hönd tónlistardeildar. Sumartónleikar eru samstarfsaðili í rannsóknarverkefni um tónlist 20. og 21. aldar og á Skálholtstónleikum í júlí fluttu nemendur tónlistardeildar ný verk eftir nemendur tónsmíðabrautar.

Samstarf við skóla Ísaks Jónssonar

Tónlistardeildin hefur um árabíl verið í samstarfi við Skóla Ísaks Jónssonar með miðlunarnámskeið í desember. Það er einstakt hversu vel hefur tekist til. Ísaksskóli leggur metnað sinn í að undirbúa nemendur sína undir heimsókn nemenda Listaháskólans, og síðan er unnið saman að því að skapa tónlist sem er flutt fyrir fullu húsi í lok tímabilsins.

Myrkir músíkdagar

Tónlistardeildin hefur frá upphafi verið í samstarfi við *Myrka músíkdaga*. Nemendur hafa fengið tækifæri til að koma fram, bæði sem hljóðfæraleikarar og tónskáld, og gestir hátíðarinnar. Mikilsmetrir listamenn, innlendir sem erlendir hafa haldið fyrirlestra og masterklassa fyrir nemendur Listaháskólans.

Voces Thules

Á hverju vori er unnið samstarfsverkefni með tónlistarhópnum *Voces Thules*. Þar fá nemendur að kynna miðaldatónlist, ýmist íslenski eða erlendri, og þeirri rannsóknarvinnu sem tengist flutningi á þessari tónlist.

Raflosti

Tónlistardeild er í samstarfi við tónlistarhátíðina *Raflosti* en nemendur tóku þar bæði þátt í vinnustofum og tónleikum.

Stúdíó Sýrland

Tónlistardeildin hefur á undanförunum árum verið í samstarfi við Stúdíó Sýrland. Starfsmenn Sýrlands og nemendur hafa unnið að sameiginlegum verkefnum á sviði hljóðupptöku á fjölbreyttum útskriftartónleikum deildarinnar.

Midnight Sun Guitar Festival

Tónlistardeild var í samstarfi við gítarhátíðina *Midnight Sun Guitar Festival* sem skipulögð var af þeim Svani Vilbergssyni, stundakennara í gítarleik og Ögmundi Þór Jóhannessyni. Á hátíðinni var boðið upp á tónleika og masterklassa sem voru vel sóttir af gítarnemendum deildarinnar.

Sinfóníuhljómsveit unga fólksins (Ungfónía)

Tónlistardeild og sinfóníuhljómsveit unga fólksins með Gunnstein Ólafsson stjórnanda hennar í fararbroddi hafa gert með sér samkomulag um að hljómsveitin leiki lokaverkefni nemenda í *Hljóðfærafræði IV - hljómsveitarúsetningum*. Þetta samstarf býður upp á mikla möguleika og er vel þegið af nemendum námskeiðisins sem læra ótrúlega mikið af þeirri reynslu að heyra útsetningarverkefni sín leikin af alvöru hljómsveit.

Kvikmyndaskóli Íslands

Nemendur tónsmíðabrautar njóta nú samstarfs við ungt kvikmyndagerðarfolk úr Kvikmyndaskóla Íslands og semja tónlist við stuttmyndir og önnur verkefni nemenda skólans.

Harpa International Music Academy

Tónlistardeild var í nánú samstarfi við alþjóðlegu tónlistarakademiuna í Hörpu á vordögum 2015 og sendi nemendur á námskeiðið, en tveir kennarar deildarinnar, þau Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari og Peter Máté píanóleikari, voru meðal leiðbeinenda á námskeiðinu. Akademián fékk einnig að nýta húsnæði tónlistardeildar á Sölvhólsgötu 13 til kennslu og æfinga.

Íslenska óperan

Á haustönn voru lögð drög að samstarfi við Íslensku óperuna í tengslum við nemendur í söng og nemendur í meistarnámi í sköpun, miðlun og frumkvöðlastarf, NAIP. Samstarfið miðar að því að gefa nemendum þessara námsbrauta kost á verkefnum innan ÍÓ, þ.m.t. staðgengilshlutverk, þátttaka í fræðslustarfi Óperunnar og samstarf með píanóleikurum, raddþjálfum og hljómsveitarstjórum Óperunnar. Samstarfið við Íslensku óperuna er jafnframt einn af hornsteinunum í væntanlegu samvinnuverkefni NAIP við tónlistarháskóla erlendis um þjálfun tónlistarfólks í verkefnum þvert á listgreinar.

Hljómeyki

Hljómeyki og tónlistardeild gerðu með sér samkomulag um þátttöku kórsins í flutningi tónverka nemenda deildarinnar og öðrum viðburðum á vordögum.

ALPJÓÐLEGT SAMSTARF

Tónlistardeildin er aðili að Evrópska tónlistarháskólaráðinu, AEC, og Norræna tónlistarháskólaráðinu ANMA. Deildarforseti á sæti í stjórn síðarnefndu samtakanna. Þá er deildin aðili að ELIA – Samtökum listaháskóla í Evrópu og Sibelius Nordplus Music – Samstarfsneti tónlistarháskóla. Fjölmarginir skiptisamningar hafa verið gerðir við marga af bestu tónlistarháskólum álfunnar. Nýtur deildin góðs af heimsóknum þáðan sem og að kennarar deildarinnar eru eftirsóttir til kennslu hjá þeim.

Stærsta samstarfsverkefni tónlistardeildar var að leiða alþjóðlegt samstarfsverkefni sem styrkt er af ERASMUS+ menntaáætluninni; „NAIP: Innovation in Higher Music Education“. Um er að ræða tveggja ára samstarfsverkefni milli átta tónlistarháskóla um að þróa

námsefni í tónlistarkennslu á háskólastigi og aðlaga það að hlutverki tónlistarmanna nútímans. Þróunin verður byggð á námsefni meistaranámsins Sköpun, miðlun og frumkvöðlastarf (NAIP), sem er samstarf fjögurra tónlistarháskóla í Evrópu: Listaháskóla Íslands, Kungliga Musikhögskolan í Stokkhólmi, Koninklijk Conservatoire í Haag og Prince Claus Conservatoire í Groningen. Auk fyrrnefndra skóla taka eftirfarandi skólar þátt í verkefninu; Guildhall School of Music and Drama í London, Musikkhøgskolen í Osló, Metropolia í Helsinki, Universität für Musik und darstellende Kunst í Vín ásamt háskólanum í Singapore. Association Européenne des Conservatoires, Académies de Musique et Musikhochschulen er einnig samstarfsaðili og gegnir kynningar- og matshlutverki í verkefninu. Verkefnastjóri er Þorgerður Edda Hall. Þrír fjölskipaðir hópar auk stýrihóps, vinna að aðskiljanlegum verkefnum og hittust þeir alls 8 sinnum á árinu. Fulltrúar tónlistardeildar í vinnuhópnum þremur eru Sigurður Halldórsson, fagstjóri NAIP, Berglind María Tómasdóttir, fagstjóri kennaranáms og Gunnar Benediktsson, fagstjóri skapandi tónlistarmiðlunar. Einnig hefur Þóra Einarsdóttir, aðjúnt tekið þátt í námskeiðum tengdum þessu viðamikla verkefni, sem lýkur á haustdögum 2016..

NAIP sumarskóli

Nýnemar NAIP sóttu hið hefðbundna IP upphafsnámsskeið sem var að þessu sinni haldið í Den Haag í Hollandi. Átta samstarfskólar úr Evrópu og Bandaríkjunum, 18 gestakennarar og um 30 nemendur úr öllum skólunum sóttu námskeiðið. Sigurður Halldórsson og Þóra Einarsdóttir voru fulltrúar LHÍ í kennaraliði námskeiðisins.

SKIPTINÁM

Það er litið á skiptináms sem mikilvægan lið í námsferli nemenda tónlistardeildar. Nemendur eru hvattir til þess að íhuga skiptináms, og þrátt fyrir mikla tímasókn og þéttskipað flæðirit, eru alltaf fundnar leiðir til að nemendur geti farið og fengið reynslu af því að kynna öðrum löndum og annarri menningu. Deildin hvetur til skiptináms og tekur námsskipulag mið af því.

Nemendur frá tónlistardeild

Fjórir nemendur fóru utan í skiptináms á árinu og fóru þeir allir á haustönn. Þátttaka Listaháskólans í ERASMUS+ Menntaáætlun Evrópusambandsins og Nordplus Menntaáætluninni veitir nemendum skólans tækifæri til að sækja um styrki til starfsnáms í öðru Evrópulandi. Sex nemendur nýttu sér möguleikann á starfsnámi erlendis þar af voru fjórir útskrifaðir.

Nemendur til tónlistardeildar

Átta nemendur komu sem skiptinemendur á skólaárinu, fimm á vorönn en þrír á haustönn.

Kennaraskipti

Það er stefna tónlistardeildar að efla kennara- og starfsmannaskipti. Margir kennarar deildarinnar hafa efnt til mjög mikilla og gjöfulla samskipta, sérstaklega á hljóðfæra- og söngsviðinu. Deildin er í formlegu sambandi við nokkra skóla vegna sameiginlega meistaranámsins NAIP, og á þeim vettvangi er að sjálfsögðu töluvert um skipti og samstarf.